




FISKISTOFA
TRAUÐ - FRAMSÆKNI - VIRÐING

Ársskýrsla 2019

Efnisyfirlit

1. Formáli fiskistofustjóra • 3
2. Upplýsingagjöf og samstarf • 4
3. Veiðileyfi og aflaheimildir • 6
4. Afli, kvótaávilnanir og aflaverðmæti • 11
5. Eftirlit • 15
6. Útflutningur • 19
7. Lax- og silungsveiði • 21
8. Meðferð mála • 24
9. Álagning og innheimta • 25
10. Mannauður • 26
11. Upplýsingatækni • 28
12. Rekstraryfirlit Fiskistofu 2019 • 29
13. Starfsmenn Fiskistofu 31. desember 2018 • 32



Fiskistofa er sjálfstæð stjórnáslustofnun sem heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og gegnir mikilvægu hlutverki við að stuðla að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna.

Hlutverk Fiskistofu er að annast framkvæmd laga og reglna um stjórn fiskveiða í sjó og fersku vatni. Stofnunin annast stjórnáslu og eftirlit ásamt söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga um sjávarútveg, lax- og silungsveiðar og hvalveiðar.

Fiskistofa apríl 2020

Ljósmyndir: Sumarliði Óskarsson

Umbrot: Egill Baldursson ehf

1. Formáli fiskistofustjóra

Hlutverk Fiskistofu er að gæta hagsmuna þjóðarinnar við sjálfbæra nýtingu auðlinda hafs og vatna. Fiskistofa leggur áherslu á að sinna því hlutverki innan lögsögu okkar með sóma, í nánú samstarfi við samstarfsstofnanir og aðila í greininni. En Íslendingar stunda einnig veiðar úr deilistofnum og eru aðilar að alþjóðlegum samningum þar um. Fiskistofa hefur þar mikilvægu hlutverki að gegna og kemur að ýmsum þáttum þar að lútandi svo sem tæknilausnum við miðlun upplýsinga og veiðieftirliti. Samstarf Fiskistofu við systurstofnanir í nágrennalöndunum er umtalsvert og er veigamikill þáttur í því að tryggja ábyrga nýtingu auðlinda hafsins. Í því skyni að styrkja fiskveiðistjórnun í alþjóðlegu samhengi hefur Fiskistofa gert samstarfssamninga við nágrennaþjóðirnar Noreg, Færeyjar og Grænland. Þjóðirnar eiga ríkra sameiginlegra hagsmuna að gæta þegar kemur að nýtingu auðlinda hafsins og eru fiskistofnar einn þeirra mikilvægustu. Samstarfssamningarnir taka til eftirlits með fiskveiðum sem felst m.a. í öruggri miðlun upplýsinga um veiðiskip þjóðanna og veiðar þeirra. Einnig fela samningarnir í sér samkomulag um miðlun þekkingar og þjálfun starfsfólks. Sá þáttur getur t.d. falist í því að eftirlitsmenn frá nágrennalöndunum komi hingað til lands og íslenskir eftirlitsmenn fari til samningslandanna til að fræðast um störf kollega sinna, bæði í formi fyrirlestra og vettvangsferða.

Samskipti og samstarf við erlenda aðila hefur ávallt verið mikilvægur þáttur í starfsemi Fiskistofu, annars vegar vegna þeirra verkefna sem að ofan er lýst en einnig vegna mikillar eftirspurnar eftir sérfræðiþekkingu þeirri sem starfsfólk Fiskistofu býr yfir. Á árinu 2018 hóf Fiskistofa samstarf við Alþjóðabankann um þróunarsamvinnu á sviði fiskveiðistjórnunar og hefur tekið þátt í þróunarsamvinnuverkefnum í Bangladesh og Víetnam. Í báðum tilvikum er um að ræða verkefni sem lúta að því að byggja upp frá grunni fiskveiðistjórnunarkerfi í löndunum. Fiskistofa hefur áður tekið þátt í þróunarsamvinnuverkefnum og þá með því að veita ráðgjöf er varðar upplýsingatækni og leysa slík verkefni hjá þróunarlöndum.

Sjávarútvegur á Íslandi þróast hratt og er nýsköpun og þróun tæknilausna stór hluti af greininni í dag. Mjög er horft til íslensks sjávarútvegs og er hann talinn vera í fremstu röð í heiminum. Það sama á við um stjórn fiskveiða á Íslandi. Aðrar þjóðir líta til Íslands sem þjóðar sem hefur tekist vel að varðveita fiskveiðiauðlindina og ástunda ábyrga fiskveiðistjórnun. Hlutverk Fiskistofu í

þeim árangri er stórt. Stjórnvöld þurfa að gæta að því að glata ekki þeirri góðu stöðu. Samhliða því að tækni í veiðum og vinnslu fleygir fram þarf að huga að tækni við stjórn fiskveiða. Tregðu gætir meðal hagsmunaaðila í greininni þegar kemur að umræðu um nýjar tæknilausnir í veiðieftirliti. Andstaða er við birtingu á upplýsingum um samanburð á hlutfalli íss í afla hjá vigtunarleifshafa eftir því hvort eftirlit er haft með vigtun eða ekki. Engu að síður hefur slík birting leitt til þess að munur á íshlutfalli miðað við ofangreindar forsendur hefur minnkað um 50% eftir að birtingar hófust og Fiskistofa fékk heimild til að hafa eftirlit með vigtunarleifshafanum í allt að 6 vikur á hans kostnað þegar til efni er til. Einnig er Fiskistofa farin að birta samanburð á aflasamsetningu veiðiskipa eftir því hvort eftirlitsmaður er um borð eða ekki. Í mörgum tilvikum er greinilegur munur þar á.

Í umræðu um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni hefur ítrekað verið fjallað um rafrænt eftirlit sem byggist á vöktun með myndavélum. Gæti það að mati Fiskistofu nýst mjög vel í löndunarhöfnum til að draga úr hættu á löndun afla framhjá vigt, hjá vigtunarleifshöfum til að stuðla að rétttri vigtun og skráningu sjávaraflla og um borð í fiskiskipum til að sporna við brottkasti afla.

Fiskveiðiþjóðir í kringum okkur horfa til þess að nýta rafræna vöktun um borð í fiskiskipum og eru sumar hverjar mörgum skrefum á undan Íslendingum. Þjóð sem hefur metnað til að vera fremst í heiminum þegar kemur að sjálfbærri nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar þarf að skilja og virða mikilvægi þess að eftirlit, sem ætlað er að tryggja ábyrga umgengni um auðlindina, fái að þróast fram á við í takti við tækniþróun. Þar af leiðandi ætti að vera sterkur stuðningur við rafræna vöktun sem er skilvirk og ódýr leið til að treysta ímynd og trúverðugleika Íslands sem ábyrgar fiskveiðiþjóðar.

Þegar þessi formáli er ritaður liggur það fyrir að undirritaður er að láta af störfum hjá Fiskistofu. Ég ætla að leyfa mér að nýta þetta tækifæri til að þakka öllu því góða fólki sem ég hef kynnst í gegnum störf mín á Fiskistofu fyrir ánægjulegt samstarf og góð kynni. Síðast en ekki síst þakka ég frábæru starfsfólki Fiskistofu fyrir samstarfið og samveruna í þau 14 ár sem ég hef starfað hjá Fiskistofu og fyrir að hafa gert Fiskistofu að þeim hlýlega, kraftmikla og skemmtilega vinnustað sem hún er.

Akureyri, febrúar 2019

Eyþór Björnsson, fiskistofustjóri

2. Upplýsingagjöf og samstarf

Fiskistofa safnar gögnum um veiðar og vinnslu afla, og skráir upplýsingar um aflaheimildir og stöðu þeirra. Stofnunin tekur saman margvíslegar upplýsingar úr þessum gögnum og birtir þær meðal annars á vef Fiskistofu. Nefna má reglulega birtingu á aflatölum yfirstandandi fiskveiðiárs og ársyfirlit sem gefið er út í október og hefur að geyma samanteknar upplýsingar um undanengið fiskveiðiár.

Leitast er við að hafa heimasíðu Fiskistofu þannig að hægt sé að nálgast upplýsingar á sem aðgengilegastan hátt og lögð er áhersla á gagnvirkar síður þar sem notendur geta sótt upplýsingar eftir eigin höfði úr gagnagrunnum. Fiskistofa sérvinnur einnig upplýsingar eftir beiðni gegn gjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Á árinu var svarað 210 fyrirspurnum sem er heldur færri en á fyrra ári þegar þær voru 273. Um 64 þeirra vörðudu veiðar, heimildir og afla. Um 26 snerust um vottun á sjálfbærni íslenskra sjávarafurða. Þá afgreiddi Fiskistofa 64 fyrirspurnir frá erlendum innflutningsyfirkvöldum um réttmæti vinnslu- og veiðivottorða sem Fiskistofa gefur út. Fiskistofa svarar öllum fyrirspurnum sem berast stofnuninni og heimilt er að svara samkvæmt upplýsinga- og persónuverndarlögum.

Innlent samstarf

Fiskistofa leggur áherslu á samstarf við aðrar stjórn-sýslustofnanir og hagsmunaaðila í sjávarútvegi til þess að rækja hlutverk sitt sem best. Slíkt samstarf getur bæði stuðlað að aukinni skilvirkni og hagræði með það að markmiði að bæta bæði upplýsingagjöf og þjónustu ásamt því að auðvelda samskipti. Reglulegt samráð er haft við tollayfirvöld, Matvælastofnun, Landhelgisgæslu, Hafrannsóknastofnun, Fjársýslu ríkisins, Hafnasamlagið, Skattinn og Samgöngustofu. Þá er Fiskistofa í reglulegum samskiptum og samstarfi um ýmis mál við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Landssamband smábátaeigenda. Síðast en ekki síst þá hélt Fiskistofa kynningu í samstarfi við SFS fyrir skipstjóra á uppsjávarveiðiskipum með það að markmiði að samræma vinnubrögð og gagnkvæman skilning á þeim reglum sem um veiðarnar gilda.

Fiskistofa tók eins og undanfarin ár þátt í kennslu í formi gestafyrirlestra, meðal annars í Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Háskóla Íslands. Einnig leggur Fiskistofa til kennara á löggildingarnám-skeið fyrir vigtarmenn. Þá tekur Fiskistofa reglulega á móti gestum frá fyrirtækjum, stofnunum og félagasam-



tökum og kynnrir fyrir þeim starfseminum og fiskveiðistjórnun. Á árinu aðstoðaði Fiskistofa íslensk vottunarfyrirtæki á fjölmörgum fundum með erlendum úttektaðilum við alþjóðlega vottun á sjálfbærni veiða og gæðum íslenskra sjávarafurða.

Samstarf á alþjóðavettvangi

Fiskistofa á fulltrúa í ýmsum samstarfsnefndum á vegum fjölþjóðlegra fiskveiðieftirlitsstofnana. Ferðadagstarfsmanna erlendis á vegum Fiskistofu 2019 voru 198 talsins en gistinætur voru 142. M.a. var farið á fundi hjá eftirfarandi alþjóðastofnunum: Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndinni (NEAFC), Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðinefndinni (NAFO) og Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðinu (NAMMCO). Þá tóku fulltrúar Fiskistofu þátt í fundum sem vörðuðu fiskveiðieftirlit á alþjóðlegum hafsvæðum. Enn fremur var fundað með fulltrúum fiskveiðipjóða um framþróun fjareftirlits- og tilkynningakerfis fiskiskipa á norðanverðu Atlantshafi. Þá fóru fram norræn starfsmannaskipti í veiðieftirliti þar sem íslenskir veiðieftirlitsmenn fóru til Noregs en grænenskir eftirlitsmenn komu til Íslands. Markmiðið er að fræðast og deila þekkingu og nýjungum á milli þjóðanna.

Fiskistofa stóð fyrir fjölda kynninga á ýmsum þáttum í starfseminni og íslenski fiskveiðistjórnun bæði fyrir innlenda og erlenda aðila. Fiskistofa hélt kynningar fyrir sendiherra Indlands, stjórnendahópa frá fiskistofu Bangladesh og norsku matvælastofnuninni, forystumenn smáríkja í Kyrrahafi í tengslum við Arctic Circle og írsku sérfræðinga í veiðieftirliti.

Margvísleg fræðsla um starfsemi og hlutverk Fiskistofu fyrir háskólanema færir í vöxt. Þannig voru haldnir fræðslufundir fyrir nema við Háskólasetur Vestfjarða, nemendur í alþjóðlegu námskeiði um auðlindafræði sem og meistaranema í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ. Til Fiskistofu komu enn fremur hópar frá bæði þýskum og breskum háskólum, doktorsnema bæði innlendir og erlendir sem rannsaka fiskveiðistjórnun. Þá tók Fiskistofa þátt í Sjávarútvegsráðstefnunni með kynningu og einnig var fulltrúi Fiskistofu með erindi á alþjóðlegri ráðstefnu um fiskveiðistjórnun og eftirlit í Pétursborg í Rússlandi.

Áhugi hefur reynst þónokkur á nýjungum í stjórnun og rekstri hjá Fiskistofu. Þannig hefur Fiskistofa kynnt eftirfarandi efni fyrir háskólanemum og aðstoðað þá við lokaverkefni: Jafnlaunavottun, jafnlaunakerfi Fiskistofu fyrir mannaúts-, gæða- og fjármálastjóra og innleiðingu persónuverndarlaga hjá Fiskistofu. Þá hefur gæðastjóri Fiskistofu kynnt notkun CCQ-kerfisins við gæðastjórnun fyrir öðrum stofnunum og ráðuneytum.

Fiskistofa hefur í tvö ár tekið þátt í verkefni utanríkisráðuneytisins þar sem þróunarsamvinna á sviði sjávarútvegs fer fram með því að ráðuneytið leggur fjármuni í sjávarútvegsverkefni sem Alþjóðabankinn stýrir í þróunarlöndum. Mikill áhugi og þörf hefur reynst fyrir aðstoð sérfræðinga á sviði fiskveiðistjórnunar. Á grundvelli þessa samstarfs sendi Fiskistofa sérfræðing til bæði Vietnam og Bangladesh til ráðgjafar um fiskveiðistjórnun á árinu.



3. Veidileyfi og aflaheimildir

3.1 Veidileyfi

Í lögum um stjórn fiskveiða er kveðið á um að skip þurfi almennt veidileyfi eigi því að vera heimilt að stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland. Almenn veidileyfi eru tvenns konar, veidileyfi með aflamarki og veidileyfi með krókaafلامarki. Auk almenns veidileyfis eru gefin út sérveidileyfi á skip fyrir tilteknar veiðar sem óheimilt er að stunda nema með sérleyfi. Á þetta t.d. við um veiðar á flestum deilistofnum, veiðar með dragnót og veiðar á grásleppu. Í örfáum tilvikum eru veiðar háðar sérstöku leyfi Fiskistofu án þess að skilyrt sé að skip hafi almennt veidileyfi. Þetta á t.d. við um frístundaveidileyfi, veiðar á tegundum sem einungis veiðast utan íslenskrar lögsögu og strandveiðar.

Tafla 3.1 sýnir fjölda almennra leyfa til veiða í atvinnuskyni. Þar má sjá að fækkað hefur leyfum til veiða með

aflamarki sem og leyfum til veiða með krókaafلامarki. Nokkur almenn veidileyfi voru felld niður þar sem skip höfðu ekki stundað veiðar undanfarandi 12 mánuði. auk þess sem 23 skip voru flutt úr aflamarkskerfinu yfir í krókaafلامarkskerfið og 10 skip flutt frá krókaafلامarkskerfinu. Þá er nokkuð um að bátar sem eingöngu hafa haft leyfi til strandveiða hafi á árinu einnig fengið almennt leyfi til veiða í krókaafلامarki. Heildarfjöldi leyfa er því nokkru minni nú en á fyrra ári. Almennu veidileyfin eru samtals 1.148 en fiskveiðiárið 2017/2018 voru þau 1.177. Heildarfjöldi sérveidileyfa kemur fram í töflu 3.2. Þar má sjá að grásleppuveidileyfum er aftur að fjölga lítillega. Árið 2019 voru gefin út 250 leyfi en þau voru 221 árið 2018. Einnig fjölgaði strandveidileyfum árið 2019, 629 strandveidileyfi samanborið við 557 árið 2018. Engin makrílveidileyfi voru gefin út árið 2019 en á sama tíma var makrillinn hlutdeildarsettur.

3.1 Fjöldi almennra veidileyfa

Fiskveiðiár:	2014/2015	2015/2016	2016/2017	2017/2018	2018/2019
Aflamarksskip	428	401	400	377	353
Krókaafلامarksbátar	892	861	844	800	795
Alls fjöldi leyfa til veiða í atvinnuskyni	1.320	1.262	1.244	1.177	1.148

3.2 Tegundir og fjöldi sérveidileyfa

Fiskveiðiár:	2014/2015	2015/2016	2016/2017	2017/2018	2018/2019
Grásleppuveidileyfi	324	243	259	221	250
Rauðmagaveidileyfi krókabáta	16	10	7	3	2
Dragnótaveidileyfi	53	47	51	50	48
Innfjarðarækjuveidileyfi	17	19	11		
Ígulkeraveidileyfi	5	5	5	5	5
Strandveidileyfi	641	670	607	557	629
Frístundaveidileyfi án aflaheimilda	2	1	12	11	12
Frístundaveidileyfi með aflaheimildum	42	40	39	39	37
Leyfi til sæbjúgnaveiða	7	11	15	12	11
Síldveiðar með vörpu	18	22	19		
Úthafskarfaveidileyfi á Reykjanes hrygg	6	6	5	4	3
Rækjuveiðar í Barentshafi	1	1			
Veiðar á djúpsjávartegundum á veiðsvæði NEAFC	1				
Rækjuveidileyfi á Flæmingjagrunni			1		
Leyfi til veiða úr norsk-ísl. síldarstofnunum	20	18	21	19	16
Gullaxveidileyfi	21	15	19		
Kolmunnaveidileyfi	22	15	20	20	18
Makrílveiðar	173	131	107	74	
Þorskveiðar í norskrí lögsögu	9	8	9	9	8
Þorskveiðar í rússneskrí lögsögu	7	8	7	4	6
Túnfiskveidileyfi með línu	1	1	1		
Túnfiskveidileyfi með sjóstöng	3				
Beitukóngsveiðileyfi	5	6	4	3	2
Krabbaveiðar í Faxaflóa	3	5	3	3	
Krabbaveiðar					3
Veiðar á kúfiskel	1	1	2	6	2
Fjöldi sérveidileyfa	1.398	1.283	1.224	1.040	1.052

3.3 Fjöldi veiðileyfa erlendra skipa í íslenski lögsögu

Tegund veiðileyfis	2015	2016	2017	2018	2019
Kolmunnaveiðileyfi	11	11	14	12	13
Loðnuveiðileyfi	82	82	83	82	83
Línu- og handfæraveiðileyfi	24	23	25	22	23
Leyfi til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum	12	12		14	15
Fjöldi veiðileyfa erlendra skipa	129	128	122	130	51

3.2 Aflaheimildir

Ráðherra sjávarútvegsmála ákveður ár hvert leyfilegan heildarafla kvótabundinna tegunda. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar úthlutar Fiskistofa aflamarki til einstakra skipa í samræmi við aflahlutdeild skips. Áður en til úthlutunar kemur er ákveðið hlutfall dregið af leyfilegum heildarafla hverrar kvótabundinnar tegundar. Hlutfallið var 5,3% fyrir fiskveiðiárið 2018/2019 eins og árið á undan. Þeim aflaheimildum sem eftir standa í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, gullkarfa, keilu og löngu er ráðstafað til sérstakra úthlutana, s.s. byggðakvóta, strandveiða og skel- og rækjubóta. Úthlutanir af þessu tagi má sjá í töflu 3.4. Aðrar tegundir, eða það sem umfram er, eru boðnar útgerðum í skiptum fyrir þorsk, ýsu, ufsa og steinbít. Skiptin fara fram á tilboðsmarkaði Fiskistofu sem almennt er haldinn í upphafi hvers mánaðar.

Aflamark

Á heimasíðu Fiskistofu má sjá upplýsingar um heildaraflamark hvers fiskveiðiárs frá fiskveiðiarinu 2000/2001. Þorskafla til aflamarks á Íslandsmiðum fiskveiðiárið 2018/2019 var rúmlega 209 þúsund tonn og aflamarkið nam samtals rúmlega 213,8 þúsund tonnum. Rúm 23,5 tonn voru nýtt til tegundatilfærslu og voru rúmlega 4.500 tonn af heimildum af þorski flutt til næsta fiskveiðiárs

Flutningur aflaheimilda

Nokkuð er um að aflaheimildir, aflamark og aflahlutdeildir séu fluttar á milli skipa. Í fyrra tók Fiskistofa í notkun rafrænt millifærslukerfi sem gerir útgerðum kleift að millifæra aflamark milli eigin skipa sem og til skipa óskyldra aðila. Innleiðing gekk vel og fer nú stór hluti millifærslanna fram rafrænt. Fiskistofa annast ávallt flutning aflahlutdeilda og jókst fjöldi tilkynninga samanborðið við síðasta ár. Þetta má sjá í töflu 3.5 sem sýnir fjölda tilkynninga um flutning aflahlutdeilda og aflamarks. Í töflunni má sjá upplýsingar um heildar fjölda millifærslna á aflamarki milli skipa, fjölda raf-rænna millifærslna milli eigin skipa útgerðar og flutning aflamarks þar sem eigendur skipta til baka þeim 5,3% sem haldið var frá við úthlutun. Enn fremur sýnir taflan fjölda millifærslna þar sem aflamark var flutt úr króka-aflamarkskerfinu yfir í aflamarkskerfið í jöfnum skiptum.

Í töflu 3.6 eru upplýsingar um flutning aflahlutdeilda milli fiskiskipa sl. fimm fiskveiðiár. Vakin er athygli á að þetta eru veltutölur sem þýðir að sömu aflahlutdeildir eru taldar í hvert skipti sem þær eru fluttar enda þótt þær séu fluttar milli skipa oft en einu sinni. Þarna má sjá að flutningur aflahlutdeilda í flestum tegundum er sambærilegur og á fyrra ári.

Þá koma fram í töflu 3.7 sundurliðaðar upplýsingar um flutning aflamarks á fiskveiðiarinu 2018/2019.

3.4 Viðbótarúthlutanir skv. lögum nr. 116/2006

Fiskveiðiár:	2014/2015	2015/2016	2016/2017	2017/2018	2018/2019
Rannsóknnaafli skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 116/2006	3.033	2.631	3.098	3.486	3.030
Byggðakvóti skv. 2. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	6.281	5.523	4.344	5.331	6.324
Byggðastofnunnarkvóti skv. 10. gr. a laga nr. 116/2006	2.386	3.350	4.292	4.521	5.395
Rækjubætur skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	687	601	586	859	1.008
Skelbætur skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	983	983	983	1.183	983
Þorskeldi skv. bráðabirgðaákvæði nr. I við lög nr. 116/2006	61	32	28		
Frístundakvóti skv. bráðab. ákvæði IX við lög nr. 116/2006	132	213	216	199	239
Sumargotssíld skv. bráðab. ákvæði VIII við lög nr. 116/2006	11		2		
Makrill skv. 10. gr. b laga nr. 116/2006				847	
Samtals:	11.188	13.333	13.549	15.579	17.826

Magn í þorsgildistönnum

3.5 Fjöldi tilkynninga um flutning aflaheimilda

Fiskveiðiár:	2014/2015	2015/2016	2016/2017	2017/2018	2018/2019
Aflahlutdeildir	258	206	208	247	314
Aflamark	9.295	9.339	7.875	8.538	7.244
þar af flutt rafrænt	2.440	3.067	2.529	5.350	5.109
þar af flutt vegna skerðinga	213	225	127	118	82
þar af jöfn skipti milli aflamarks og krókakerfis	165	119	114	97	59
Tilkynningar alls:	9.553	9.545	8.083	8.785	7.558

3.6 Flutningur hlutdeilda milli skipa

Fiskveiðiár:	2014/2015	2015/2016	2016/2017	2017/2018	2018/2019
Þorskur	8,7%	11,5%	26,8%	23,2%	16,3%
Ýsa	10,2%	13,0%	24,6%	20,9%	24,9%
Ufsi	5,9%	12,2%	25,2%	22,3%	17,5%
Gullkarfi	4,6%	5,8%	26,4%	25,9%	26,6%
Djúpkarfi	1,1%	3,8%	39,6%	36,7%	50,6%
Litli karfi	0,1%	0,0%	6,2%	45,9%	62,6%
Langa	6,6%	12,5%	13,6%	26,3%	19,0%
Blálanga	2,7%	9,4%	4,1%	19,9%	10,5%
Keila	4,8%	13,7%	6,8%	23,7%	14,5%
Steinbítur	11,5%	18,7%	15,6%	37,5%	26,8%
Hlýri				14,6%	
Skötuselur	5,4%	10,2%	8,4%	13,1%	19,5%
Gulllax	0,0%	0,5%	26,6%	46,8%	22,9%
Grálúða	0,2%	4,5%	40,0%	23,2%	54,0%
Skarkoli	10,8%	8,3%	12,6%	17,1%	41,0%
Þykkvalúra	9,1%	9,6%	15,5%	17,2%	26,4%
Langlúra	6,3%	21,2%	16,0%	11,5%	6,9%
Sandkoli	12,6%	14,8%	14,8%	14,0%	9,0%
Skráplúra	4,0%	20,4%	7,0%	12,0%	15,1%
Síld	8,5%	31,5%			25,5%
Loðna	22,9%	41,8%	5,3%	4,8%	34,9%
Humar		12,4%	5,9%	0,0%	
Úthafsækja	39,9%	25,6%	34,0%	12,5%	31,9%
Arnarfjarðarrækja		25,0%		75,0%	
Húnaflóarrækja	17,8%	12,0%		4,4%	4,4%
Rækja í Ísafjarðardjúpi	0,4%	15,8%	13,7%	27,5%	30,6%
Skagafjarðarrækja		25,0%		12,5%	31,3%
Öxarfjarðarrækja	50,0%	50,0%			
Skjálfandarækja	33,3%				
Rækja í Breiðafirði					100,0%
Snæfellsnesrækja	39,9%	29,7%	35,6%	15,5%	36,6%
Eldeyjarrækja		15,4%	7,7%	23,1%	23,1%
Arnarfjarðarskel		20,0%		80,0%	
Breiðafjarðarskel	40,7%	4,3%	74,7%		24,8%
Húnaflóaskel	62,5%		50,0%		
Skel í Ísafjarðardjúpi					
Úthafskarfi		9,0%	32,2%	37,0%	19,1%
Kolmunni	57,0%	1,8%	19,2%		36,2%
Makrill					34,1%
Norsk-íslensk síld	42,2%	12,2%	4,3%		48,4%
Flæmingjarækja	6,3%	6,7%	36,6%		
Þorskur – norsk lögsaga	4,3%	6,9%	38,1%	27,6%	9,4%
Þorskur – rússnesk lögsaga	10,4%	6,9%	44,2%	32,4%	9,4%

Hlutfall af heildarafhlutdeild. Um veltutölur er að ræða.



3.7 Heildarflutningur aflamarks milli fiskiskipa

Fisktegund:	Millifært			2018/2019 Samtals	Fiskveiðirárið 2017/2018 Samtals2	Fiskveiðirárið 2016/2017 Samtals2
	Milli skipa í eigu sama aðila	Milli skipa í eigu mismunandi aðila	Jöfn skipti milli aflamarks og krókaflamarks			
Porskur	36.708	59.068	1.942	97.717	115.041	91.444
Ýsa	15.587	21.243	1.870	38.700	32.038	28.692
Ufsi	22.539	26.445	35	49.019	45.077	34.495
Karfi/gullkarfi	14.365	6.676		21.041	28.802	24.282
Langa	1.709	1.857	52	3.619	5.310	5.101
Blálanga	484	122		606	850	664
Keila	1.017	938		1.956	2.070	1.182
Steinbítur	3.865	5.541	67	9.473	9.151	10.275
Hlýri	248	183		431	0	0
Skötuselur	347	365		712	845	718
Gulllax	4.393	1.619		6.012	6.568	3.853
Grálúða	5.546	9.696		15.242	16.443	13.468
Skarkoli	3.244	4.454		7.698	7.506	5.788
Þykkvalúra	787	954		1.741	1.308	989
Langlúra	679	572		1.250	951	1.177
Sandkoli	209	221		431	379	469
Skrápflúra				0	1	0
Síld	8.651	11.942		20.593	18.309	19.538
Loðna				0	32.275	54.176
Kolmunni	51.232	50.572		101.804	107.942	106.383
Makrill	34.498	45.770		80.267	0	0
Norsk-íslensk síld	28.545	9.503		38.048	15.759	17.592
Humar	233	4		237	320	288
Úthafs rækja	2.360	1.505		3.865	3.348	2.884
Þorskur - NL	2.084	1.502		3.585	3.737	3.488
Þorskur - RU	322	1.989		2.310	2.409	3.519
Ýsa - meðafli - RU	25	163		189	191	315
Arnarfjarðarrækja		34		34	18	62
Rækja í Djúpi	282	69		351	253	208
Rækja við Snæfellsnes	91	72		163	461	643
Litli karfi	321	136		456	285	544
Úthafs karfi innan		1.294		1.294	1.001	1.546
Djúpkarfi	12.057	3.109		15.166	14.341	12.851

Ofangreindar tölur miðast við lestir og slægðan fisk þar sem það á við. Um veltutölur er að ræða.



3.8 Aflamarksskipti á tilboðsmarkaði (tonn)

Tegund	2016/2017	2017/2018	2018/2019
Þorskur	-8.008	-8.338	-6.934
Ýsa	-755	-762	0
Ufsi	-196	0	321
Karfi/gullkarfi	805	489	547
Blálanga	48	52	43
Steinbítur	-308	0	0
Hlýri	0	0	42
Skötuselur	74	85	61
Gulllax	171	192	153
Grálúða	1.748	1.722	1.572
Skarkoli	239	239	275
Þykkvalúra	74	92	118
Langlúra	26	29	29
Sandkoli	5	5	6
Síld	601	472	280
Loðna	1.766	1.278	0
Kolmunni	1.124	1.553	1.022
Makrill	1.875	1.857	1.635
Norsk-íslensk síld	1.037	883	866
Humar	130	152	0
Úthafsækja	332	329	363
Þorskur - NL	364	317	296
Þorskur - RU	228	198	185
Arnarfjarðarrækja	11	0	9
Rækja í Djúpi	32	17	29
Rækja við Snæfellsnes	60	32	24
Litli karfi	25	34	27
Úthafskarfi innan	112	89	70
Djúpkarfi	582	500	586
Innheimt á tilboðsmarkaði í ÞÍG	9.267	9.100	6.934
Útdeilt á tilboðsmarkaði í ÞÍG	11.472	10.615	8.562
Halli í skiptum á tilboðsmarkaði í ÞÍG	-2.205	-1.515	-1.628
Hlutfallslegur halli í skiptunum	19%	14%	19%



4. Afli, kvótaívilnanir og aflaverðmæti

4.1 Löndun afla


Fiskistofa á samstarf við löndunarhafnir um vigtun og skráningu landaðs afla. Niðurstöður vigtunar á afla eru skráðar í aflaskráningarkerfið GAFL (Gagnagrunn Fiskistofu og Löndunarhafna). Þetta gera starfsmenn löndunarhafna og eru upplýsingarnar sendar jafnóðum á rafrænu formi í gagnagrunn Fiskistofu. Í GAFLinum hefur Fiskistofa ávallt nýjustu fánlegar upplýsingar um afla og fylgist náið með aflaheimildum einstakra skipa. Á fiskveiðiarinu 2018/2019 voru 50.681 landanir skráðar í aflaskráningarkerfið. Þetta er sambærilegur fjöldi landana og í fyrra.

Bolungarvík er sú höfn þar sem flestar landanir fóru fram á síðasta fiskveiðiarinu eða 3.833 talsins. Þeim fækkaði um 460 frá fiskveiðiarinu 2017/18. Næst kemur Sandgerði með 3.037 og Ólafsvík með 2.847 landanir.

4.2 Afli og kvótaívilnanir

Heildarafla íslenskra skipa í botnfiski til aflamarks má sjá í töflu 4.2. Ef borinn er saman heildarafla og afli sem reiknaður er til aflamarks er nokkur munur þar á. Helsta skýringin á því er afli sem er undanþeginn aflamarki vegna sérreglna sem um hann gilda, s.s. reglur er varða línuaflla, afla sem rennur til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins (VS-afla), undirmálsafla og afla í strandveiðum. Línuívilnun náði á síðasta fiskveiðiarinu eins og undanfarin ár til þorsks, ýsu, steinbíts, gullkarfa, löngu og keilu. Á síðasta fiskveiðiarinu mátti veiða 3.000 tonn af þorski, 1.000 tonn af ýsu, 700 tonn af steinbít, 30 tonn af gullkarfa, 100 tonn af löngu og 25 tonn af keilu miðað við slægðan fisk umfram aflamark á sérstaklega beitta línu. Eins og sjá má á töflu 4.2 fullnýttu íslensk fiskiskip ekki heimildir sínar í línuívilnun. Enn eru íslensk fiskiskip að landa minna af VS-afla en hefur verið undanfarin ár, en hluti af andvirði þess afla greiðist í Verk-

4.1 Fjöldi landana eftir helstu löndunarhöfnum fiskveiðiarin 2013/14 til 2018/2019



efnasjóð sjávarútvegsins. Undirmálsaflí af þorski var sambærilegur og í fyrra, en þá hafði hann lækkað um tæp 30%.

Á hverju ári veiða íslensk skip fjölda tegunda sem ekki eru bundnar aflamarki. Á síðasta fiskveiðiári var grásleppa mest veidda ókvótubundna tegundin með 5.035 tonn. Næst mest var veitt af sæbjúgum eða 4.624 tonn. Bæði veiðar sæbjúgum og grásleppu eru bundnar sérstöku veiðileyfi sem Fiskistofa gefur út.

4.3 Aflaverðmæti

Upplýsingar um aflaverðmæti og ráðstöfun afla eru fengnar úr vigtar- og ráðstöfunarskýrslum sem kaupendur sjávarafla skila til Fiskistofu. Í þeim tilgangi hefur stofnunin tekið upp rafrænt kerfi þar sem skýrslum er skilað í gegnum vefviðmót. Það kerfi komst í fulla notkun á fyrsta ársfjórðungi 2018. Aflaverðmæti þorsks á síðasta fiskveiðiári nam tæplega 69 milljörðum króna en hefur hækkað jafnt og þétt eftir mikinn samdrátt árið 2016/17. Verðmæti ýsuaflans jókst einnig aftur um rúm-



4.2 Afli íslenskra skipa botnfisktegundum innan lögsögu 2018/2019 og 2017/2018 (tonn upp úr sjó)

Fisktegund	Heildarmagn	Til kvóta	Vs-aflí	2018/2019		
				Línuvillnun	Undirmál Utan kvóta*	
Þorskur	262.887	249.288	1.258	1.830	1.113 9.398	
Ýsa	58.631	57.430	84	804	245 68	
Ufsi	70.151	69.248	18		0 885	
Karfi / Gullkarfi	44.445	44.224	24	13	8 176	
Langa	6.927	6.864	5	53		5
Keila	2.453	2.432	6	10		5
Steinbítur	9.329	8.901	13	403		12
Skötuselur	563	563	0			0
Grálúða	12.654	12.554	96			4
Skarkoli	7.096	7.045	49			2
Þykkvalúra / Sólkoli	1.525	1.525	0			0
Langlúra	844	844				
Sandkoli	451	271				180
Skrápflúra	11	7	0			4
Djúpkarfi	8.660	8.636	4			20
Samtals	486.627	469.832	1.557	3.113	1.366	10.759

Fisktegund	Heildarmagn	Til kvóta	VS-aflí	2017/2018		
				Línuvillnun	Undirmál Utan kvóta*	
Þorskur	267.134	253.685	935	2.360	995 9.159	
Ýsa	42.499	41.024	231	921	268 55	
Ufsi	58.786	58.126	22		0 638	
Karfi / Gullkarfi	51.697	51.430	36	19	25 187	
Langa	7.018	6.948	1	65		4
Keila	2.201	2.172	11	15		3
Steinbítur	9.516	8.834	6	662		14
Skötuselur	652	652	0			
Grálúða	14.873	14.805	62			6
Skarkoli	8.208	8.199	6			3
Þykkvalúra / Sólkoli	1.777	1.766	11			
Langlúra	885	885	0			
Sandkoli	399	297	0			102
Skrápflúra	21	11	1			9
Djúpkarfi	10.539	10.514				25
Samtals	476.205	459.348	1.322	4.042	1.288	10.205

* Meðal annars strandveiði og rannsóknafli

4.3 Afli í ókvótabundnum tegundum fiskveiðiárin 2015/2016 til 2017/2018

Fisktegund	15/16	16/17	17/18	18/19
Lýsa	690	643	844	780
Tindaskata	1.399	1.007	552	798
Skata	170	139	144	182
Háfur	13	3	2	2
Lúða	141	120	159	135
Stórkjafra / Öfugkjafra	498	467	387	341
Spærlingur	639	262	21	212
Náskata	17	7	16	27
Stinglax	382	334	222	87
Ígulker	293	313	376	412
Sæbjúga	2.908	2.743	5.418	4.624
Grásleppuhrogn	21	0	0	0
Rauðmagi	55	25	20	22
Grásleppa	5.416	4.569	4.518	5.035
Samtals (tonn)	14.622	12.286	14.322	14.397

lega 5 milljarða. Aflaverðmæti makrils voru rúmlega 10 milljarðar fiskveiðiárið 2018/2019. Aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa var samtals tæpir 135 milljarðar króna og jókst um tæplega 17 milljarða á milli fiskveiðiára.

Á fiskveiðiárinu 2018/2019 fór að venju mestur hluti þorskaflans í landfrystingu eða rúm 97 þúsund tonn (35,3%). Næst mest fór ísað í flug eða tæp 77 þúsund tonn (27,8%). Þessi ráðstöfun á þorskaflanum hefur aukist verulega á síðastliðnum árum. Rúm 42 þúsund

4.4 Aflaverðmæti helstu nytjastofna – þrjú fiskveiðiár (millj. kr.)

Fisktegund	16/17	17/18	18/19
Þorskur	50.177	58.700	68.669
Ýsa	7.841	9.359	14.452
Ufsi	6.223	7.178	10.520
Gullkarfi	7.091	8.430	9.589
Langa	1.051	1.024	1.091
Steinbítur	978	1.203	1.452
Úthafskarfi	343	222	58
Skötuselur	282	267	250
Grálúða	6.754	8.335	7.636
Skarkoli	997	1.599	1.831
Síld	6.413	4.370	5.216
Loðna	3.597	4.730	
Makrill	9.108	8.255	10.376
Humar	822	629	298
Rækja	1.259	1.457	1.141
Djúpkarfi	1.721	2.218	2.172
Samtals	104.657	117.976	134.751


tonn af þorski fóru í söltun sem er minna en á fyrra fiskveiðiári. Óunninn fiskur í gám var tæplega 35 þúsund tonn fiskveiðiárið 2018/19 og hefur aukist um 240% á tveimur árum. Af makrilaflanum fóru um 83% í landfrystingu samanborið við 69% á fyrra ári. Tæplega 8% makrilaflans voru sjófryst samanborið við 17% á fyrra ári. Rúm 13 þúsund tonn af makríl fóru í bræðslu samanborið við 20 þúsund tonn á vertíðinni 2018.



4.5 Helsta ráðstöfun afla eftir fisktegundum (afla er í tonnum)

Fisktegund	Frysting	Sjó- frysting	Ísað í flug	2018/2019			Óunnið í gám	Unnið í gám	Flökun	Innanlands- neysla	
				Söltun	Hersla/ þurrkun	Bræðsla					
Þorskur	97.311	34.009	76.834	275	42.453	915	104	11.929	5.348	4.815	1.924
Ýsa	17.299	13.542	13.047	1	44	1.038	69	11.152	188	746	1.974
Ufsi	22.407	31.334	5.855	14	1.921	1	51	8.139	377	414	10
Skötuselur	11	0	227	0	0	0	0	119	75	104	20
Skarkoli	2.065	63	1.113	3	1	0	0	3.396	166	109	162
Síld	69.924	16.981	0	0	2.853	0	40.183	0	0	0	2
Kolmunni	10.886	1.243	0	5.926	0	0	252.822	0	0	0	0
Makrill	138.195	12.671	103	4	392	0	13.453	238	1	1.301	2
Samtals	358.099	109.843	97.180	6.224	47.662	1.954	306.682	34.974	6.155	7.490	4.096

Fisktegund	Frysting	Sjó- frysting	Ísað í flug	2017/2018			Óunnið í gám	Unnið í gám	Flökun	Innanlands- neysla	
				Söltun	Hersla/ þurrkun	Bræðsla					
Þorskur	99.848	34.028	76.564	705	47.210	991	142	10.573	3.611	3.747	2.659
Ýsa	15.320	5.456	12.522	49	1	1.121	16	6.379	152	184	2.161
Ufsi	19.301	27.329	5.255	11	1.958	56	22	3.487	140	1.394	17
Skötuselur	10		68					239	142	152	40
Skarkoli	2.151	84	1.204	1		0		4.439	111	15	186
Síld	61.090	17.549	1		3.335	0	35.144				1
Loðna	33.364	7.376				0	137.388				
Kolmunni	8.078	1.019					288.206				
Makrill	105.916	25.375	154		913		19.799	86		510	9
Samtals	345.079	118.216	95.768	766	53.418	2.168	480.716	25.202	4.157	6.001	5.074



5. Eftirlit

Stór hluti af starfsemi Fiskistofu felst í eftirliti með nýtingu auðlinda hafsins. Þannig hefur stofnunin eftirlit með öllum skipum sem veiða í íslenskri lögsögu sem og veiðum íslenskra skipa sem veiða utan lögsögunnar. Þá hefur stofnunin eftirlit með löndun og vigtun sjávaraflla í íslenskum höfnum hringinn í kringum landið. Verkefnið er ærið þar sem á síðasta ári voru tæpar 50 þúsund landanir á Íslandi og var landað magn rúmlega milljón tonn.

Fiskistofa hefur á undanförunum árum beitt nýstárlegum aðferðum við eftirlit sem miða að því að hagnýta þau gögn sem stofnunin safnar til þess að beina eftirliti þangað sem þörfin er mest fyrir það hverju sinni. Í ár er að auki verið að vinna eftir nýrri nálgun sem miðar að því að draga úr skaða (harms reduction) og hefur gefið góða raun erlendis. Hér er átt við að setja áherslu á eftirlit þar sem mest er í húfi varðandi fiskveiðiauðlindina t.d. stærri skip, stærri landanir, heimavigtun o.s.frv. Að því marki er unnið í samstarfi við aðrar eftirlitsstofnanir, bæði hér á landi og erlendis. Samtímis er leiðbeint meira vegna minniháttar brota til einföldunar, til að gæta betur meðalhófs og til að beina kröftum okkar þangað sem þörfin er mest.

Veidieftirlitssvið Fiskistofu hefur unnið markvisst að því að birta upplýsingar um eftirlit, t.d. íshlutfall við endurvigtun hjá vigtunarleyfishafa þegar eftirlitsmenn eru viðstaddir vigtun og aflasamsetningu fiskiskipa þegar eftirlitsmaður er um borð í samanburði við aðrar veiðiferðir skipsins. Slíkar birtingar hafa forvarnaráhrif og auka gagnsæi í sjávarútvegi. Fiskistofa mun á árinu 2020 auka slíkar birtingar.

5.1 Eftirlit á sjó

Árið 2019 voru veiðieftirlitsmenn Fiskistofu 1129 dagar á sjó við eftirlit með fiskiskipaflotanum.

Störf eftirlitsmanna um borð felast meðal annars í stærðarmælingum á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða, kvörnun og kyngreiningu fiska, fylgjast með aflasamsetningu, veiðarfærum, hlutfalli smáfisks í afla og brottkasti. Þá fylgjast veiðieftirlitsmenn einnig með því að afladagbækur séu rétt útfylltar og séu í samræmi við veiðar og afla um borð.

Á árinu mældu eftirlitsmenn Fiskistofu alls 318.380 fiska og kvarnaðir voru 3.545 fiskar. Einnig mældu eftirlits-

menn Fiskistofu 8.913 skeldýr og skráðu 62 sjávarspendýr og fugla við störf sín um borð á árinu.

Áframhald var á samstarfsverkefni Fiskistofu og Hafró í svokölluðu brottkastverkefni. Gögnum er safnað til að rannsaka stærðartengt brottkast. Verkefnið felur í sér athugun og mat á brottkasti fisks undir tiltekinni lengd og með tilteknu veiðarfæri og er það unnið í samstarfi við Hafrannsóknastofnun sem gefur út skýrslu annað hvert ár þar sem tölfræðilegar niðurstöður verkefnisins eru birtar. Árið 2019 var brottkast mælt úr veiðarfærunum botntrolli og línu. Í brottkastsverkefninu eru þorskur og ýsa mæld úr lönduðum afla og afla upp úr sjó frá sama skipi í samliggjandi veiðiferð. Aðferðin byggist á því að brottkast sé lengdarháð og smáfiski sé hent en stærri fiskur hirtur. Mismunur þessara mælinga er síðan notaður til að meta stærðarháð brottkast. Árið 2019 mældu eftirlitsmenn Fiskistofu samtals 171.597 fiska í brottkastsverkefninu 113.684 þorska og 57.913 ýsur.

5.1 Brottkastverkefni

Ár	Mælt í landi		Mælt á sjó		Samtals
	Þorskur	Ýsa	Þorskur	Ýsa	
2017	31.865	17.009	74.364	2.884	126.122
2018	23.708	11.156	59.310	21.346	115.520
2019	26.639	16.347	87.045	41.566	171.597
Samtals	82.212	44.512	220.719	65.796	413.239

Eftirlit á grunnslóð

Fiskistofa og Landhelgisgæsla Íslands sinntu sameiginlega fiskveiðieftirliti á grunnslóð eins og gert hefur verið undanfarin ár. Einnig var góð samvinna milli stofnanna við eftirlit þar sem notast var við loftför, nokkuð var um að myndað var brottkast frá opnum þilfarsbátum.

Farið var í sameiginlega leiðangra með varðskipunum Tý og Þór. Með Tý í byrjun júlí farið frá Reykjavík og verið við eftirlit frá Snæfellsnesi norður á Hala, fóru eftirlitsmenn af á Ísafirði. Með Þór var farið frá Reykjavík og austur um, var eftirlit á miðunum fyrir sunnan land, út af Austfjörðum og miðum og innan fjarða fyrir norðurlandi. Fóru eftirlitsmenn af á Skagaströnd í Húnaflóa.

Tilgangur ferðanna var að fara um borð í fiskiskip á grunnslóð með það að markmiði að kanna veiðileyfi, afla, afladagbók, aflasamsetningu, veiðarfæri, aflameð-

5.2 Fjöldi daga á sjó eftir árum

Ár	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Ísfiskskip	920	821	672	671	668	777	689
Vinnsluskip	823	786	699	719	505	473	440
Samtals	1.743	1.607	1.371	1.390	1.173	1.250	1.129

5.3 Eftirlit með löndun og veiðum á uppsjávarfiski

	2019			2018		
	Landanir	Eftirlit	Hlutfall	Landanir	Eftirlit	Hlutfall
Landanir uppsjávarafla íslenskra skipa	459	90	20%	690	137	20%
Landanir uppsjávarafla erlendra skipa	47	13	28%	191	34	18%
Samtals	506	103	20%	881	171	19%

ferð og annað sem tilheyrir veiðieftirliti. Einnig var leitað eftir lax og silungsnetum í sjó.

Í þessum leiðöngurum var farið um borð í 88 báta, 63 voru á handfæraveiðum, 8 á dragnót, 7 á botnvörpu, 6 á línuveiðum, 2 á þorskfiskanetum og 2 á sjóstöng. Ávallt er skoðað afladagbók, 19 athugasemdir og leiðbeiningar voru gerðar á vettvangi vegna afladagbókar, 2 brotaskýrslur voru gerðar vegna afladagbókar. Ekki kom til skyndilokunar vegna smáfisks í afla.

Uppsjávarfiskur

Í töflu 5.2 má sjá fjölda landana íslenskra og erlendra veiðiskipa á uppsjávarfiski í íslenskum höfnum og viðveru eftirlitsmanna við þær, þegar eingöngu voru skoðaðar landanir á flotvörpu og nót þar sem heildarmagn löndunar náði 5 tonnum eða meira. Á árinu voru landanir íslenskra veiðiskipa á makríl, norsk-íslenskri síld, íslenskri sumargotssíld, loðnu og kolmunna 459 talsins og var eftirliti sinnt við 90 landanir. Á árinu voru 47 landanir erlendra veiðiskipa á uppsjávarafla og var eftirliti sinnt við 13 landanir. Á tímabilinu voru eftirlitsmenn Fiskistofu 183 daga um borð í veiðiskipum er stunduðu uppsjávarveiðar.

Grásleppa

Útgefin leyfi til veiða á grásleppu voru 250 talsins. Eftirlit með grásleppuveiðum var hefðbundið þetta árið. Haft var eftirlit með að netalengd væri rétt, merkingar veiðarfæra í lagi og skráninga í afladagbók væri skv. ákvæðum reglugerðar. Mikil áhersla var á að sjávarpendýr og fuglar væru rétt skráðir og er þá verið að horfa til vottunar og ábyrgra fiskveiða. Eftirlitsmenn Fiskistofu fóru í 36 veiðiferðir með grásleppubátum. Gerðar voru 7 skýrslur vegna brota á reglum um hrognkelsveiðar.

Vinnsluskip

Sú þróun sem verið hefur undanfarin ár að skipum sem vinna afla um borð fækki hélt áfram árið 2019 alls voru 17 skip sem unnu afla eða hluta hans um borð á einhverjum tímamarki ársins, en þau voru 19 árið 2018. Botnfiskur var flakaður um borð í 12 skipum sem reyndar er fjölgun um eitt skip frá fyrra ári, heilfrystur, haus- og/eða sporðskorinn um borð í 3 skipum, uppsjávarafla var unnin um borð í 1 skipum og 1 skip sauð rækju. Heildarfjöldi landanna á afurðum vinnsluskipa árið 2019 voru 230.

Eftirlit Fiskistofu með vinnsluskipum felst auk þess að fara í róður með skipum að rýna nýtingarskýrslur, telja

nýtingarsýni við löndun og bera saman við skráningu í gagnasafn skipsins og að þíða upp vinnslu- og nýtingarsýni og kanna hvort nýtingarsýni sem ákvarða kvóta veiðiferðarinnar lýsi í raun vinnsluháttum um borð. Einnig er reiknað út miðað við uppgefna vinnslunýtingu uppsjávarskipanna hversu mikið á að vera af hrati í tönkum skipsins þegar búið er að landa og vigta frosnar afurðir.

Af 27 úttektum við löndun vinnsluskipa sem eftirlitsmenn Fiskistofu framkvæmdu árið 2019 voru 21 sinnum smávægileg eða enginn athugasemd gerð, í 5 skipti voru ein eða fleiri afurð felld á grunnstuðul þar sem mat Fiskistofu var að nýtingarsýni væru ekki að gefa rétta mynd af raunverulegri nýtingu um borð. Einu sinni var flak í afskurði og var það mál sent til lögfræðilegrar meðferðar. Við rýni á gagnasafni vinnsluskipa var afurð þrisvar sinnum felld á grunnstuðul þar sem ekki náðist að taka nægilegan fjölda nýtingarsýna miðað við afla upp úr sjó.

Árið 2019 voru gerðar 3 brotaskýrslur vegna skipa sem vinna afla um borð til samanburðar við árið 2018 en þá voru gerðar 26 brotaskýrslur, 2018 var það oftast vegna þess að nýtingarsýni skiluðu sér ekki við löndun. Í þeim 27 úttektum sem Fiskistofa gerði árið 2019 vantaði einungis einu sinni 1 nýtingarsýni sem skráð var í gagnasafn skipanna, verður það að teljast sérlega jákvæður viðsnúningur.

Í samstarfssamningi Fiskistofu og Matvælastofnunar er m.a. kveðið á um að veiðieftirlitssvið Fiskistofu annist stöðumat í vinnslu og frystiskipum. Þá skoða eftirlitsmenn Fiskistofu hvort og hvernig brugðist hefur verið við athugasemdum eftirlitsmanna Matvælastofnunar á vinnsluumhverfi um borð í vinnsluskipum. Matvælastofnun voru sendar upplýsingar vegna 16 veiðiferða.

Hjá Fiskistofu störfuðu þrjár eftirlitsmenn sem sérhæfðir eru í eftirliti með skipum sem vinna afla um borð.

Skyndilokanir

Skyndilokunum er beitt til að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar á smáfiski. Skyndilokanir voru 50 á árinu. Flestar lokanir urðu þegar þorskur mældist undir viðmiðunarmörkum eða í 48 skipti þegar þorskur átti í hlut, 2 skipti vegna þorsks og ýsu saman í báðum tegundum. Flestar voru lokanir á línuveiðar, en þær voru 25 talsins. Engin lokun var vegna ýsu þar sem hún mældist undir viðmiðunarmörkum, en 1 lokun varð árið 2018 vegna ýsu. Lokanir vegna rækju engin á móti 2 árið 2018.

1. nóvember 2019 var viðmiðunarmörkum vegna lokana veiðisvæða breytt samkvæmt tillögu Hafrannsóknastofnunar. Viðmiðunarmörk fyrir þorsk, ýsu og ufsa verði 50% af fjölda, í stað 25% í þorski og 30% í ýsu og ufsa, en lengdarmörk verði óbreytt (55 cm í þorski og ufsa og 45 cm í ýsu).

5.4 Heildarfjöldi skyndilokana 2019 eftir fisktegundum

Fisktegund	
Þorskur	48
Þorskur/Ýsa	2
Samtals	50

5.5 Fjöldi skyndilokanna 2019 eftir veiðarfærum

Botnvarpa	4
Lína	25
Handfæri	21
Samtals	50

Hvalveiðar

Hrefnuveiðar voru ekki umfangsmiklar árið 2018 og árið 2019 voru engar hrefnuveiðar stundaðar við Ísland. Engar langreyðaveiðar voru stundaðar 2019. Í fyrsta sinn frá árinu 2012 voru því engar hvalveiðar við Ísland.

5.6 Fjöldi veiddra hvala 2013–2019

Ár	Hrefna	Langreyður
2013	35	134
2014	24	137
2015	29	155
2016	45	0
2017	17	0
2018	6	146
2019	0	0
Samtals	156	572

5.2 Eftirlit í landi

Vigtun sjávarafla

Stærsta eftirlitsverkefni Fiskistofu í landi er eftirlit með vigtun og skráningu sjávarafla. Í því felst eftirlit með vigtun á hafnarvog sem og vigtun hjá heima- og endurvigtunarleyfishöfum.

Endurvigtunarleyfi eru leyfi til þess að afli sem þegar hefur verið veginn á hafnarvog sé veginn íslaus hjá leyfishafa til aflaskráningar. Við lok árs voru í gildi 88 endurvigtunarleyfi.

Heimavigtunarleyfi voru 15 við lok árs en þau leyfi veita heimild til þess að vigta afla án þess að hann sé veginn á hafnarvog. Strangari skilyrði gilda um veitingu slíkra leyfa, t.a.m. rík krafa um innra eftirlit leyfishafa sem og

5.7 Tegund og fjöldi vigtunarleyfa

	Fjöldi 2019
Vigtunarleyfi sjálfstæðra aðila	1
Heimavigtun – uppsjávarvinnsla	5
Heimavigtun – bræðsla	10
Endurvigtun – fiskvinnsla	63
Endurvigtun – fiskmarkaðir	25
Samtals	104

skyldur hafnaryfirvalda í viðkomandi höfn að uppfylla eftirlitsskyldur gagnvart leyfishöfum. Leyfi til heima- vigtunar eru einungis gefin út til vigtunar á uppsjávar- afla.

Þá var í gildi 1 vigtunarleyfi sjálfstæðra aðila sem vigta afla í umboði og á ábyrgð hafnaryfirvalda. Slíkir aðilar vigta nær eingöngu afla frystiskipa.

Á síðasta ári fylgdust eftirlitsmenn Fiskistofu með vigtun í 121 skipti, 93 skipti með endurvigtun og 28 skipti með heimavigtun.

Á vefsíðu Fiskistofu má finna upplýsingar um landanir allra skipa sem stunda veiðar í íslenski lögsögu. Að auki má þar sjá upplýsingar um niðurstöður endurvigtunar hjá leyfishöfum úr einstaka löndun. Slíkt gegnsæi er ein grunnstoð í fiskveiðistjórnun Íslendinga og er undirstaða árangurs og trausts í starfsemi Fiskistofu.

Á tveggja mánaða fresti birtir Fiskistofa á vef sínum niðurstöður vigtunar hjá endurvigtunarleyfishöfum þegar eftirlitsmenn höfðu eftirlit með vigtun í samanburði við aðra vigtun hjá leyfishafa á tveggja mánaða tímabili. Þá er reiknað vegið meðalíshlutfall hjá vigtunarleyfishafi yfir tímabilið, þ.e. íshlutfall að meðaltali að teknu tilliti til magns hverrar löndunar. Fiskistofa mun á næsta ári halda áfram að birta þessar upplýsingar og skoða jafnframt frekari möguleika á birtingu greininga úr gögnum stofnunarinnar, t.a.m. aflasamsetningu o.fl.

Fiskistofa hefur heimild skv. lögum um umgengni um nytjastofna sjávar til þess að fylgjast með allri vigtun vigtunarleyfishafa í allt að sex vikur ef í ljós kemur við eftirlit Fiskistofu veruleg frávik á íshlutfalli í afla skips í samanburði við fyrri landanir. Skal þá vigtunarleyfishafi greiða allan kostnað eftirlitsins. Á síðasta ári beitti Fiskistofa úrræðinu í þrjú skipti gagnvart þremur endurvigtunarleyfishöfum.

Strandveiðar

Alls voru 629 bátar með leyfi til strandveiða. Í samanburði má nefna að 558 bátar voru með slíkt leyfi árið á undan 2018 því er um fjölgun að ræða milli ára. Leyfi til strandveiða eru bundin skilyrðum sem m.a. lúta að leyfilegum heildarafla á dag og tímalengd veiðiferðar. Fiskistofa hefur eftirlit með því að þessi skilyrði séu virt og fer það einkum fram með rafrænum hætti. Nýtt ákvæði í reglugerð um strandveiðar 2018 um heimild til

að setja landaðan ufsa í VS-afla en sumarið 2019 var landað 514 tonnum af ufsa í Verkefnasjóðinn.

Samkvæmt samstarfssamningi við Matvælastofnun hafa veiðieftirlitsmenn hitastigsmælt afla einkum yfir sumarmánuðina og eru allar mælingar sendar til Matvælastofnunar til frekari úrvinnslu.

Afladagbækur

Eftirlitsmenn Fiskistofu skoðuðu 1341 afladagbækur um borð í veiðiskipum á árinu. Við skoðun á vettvangi veita eftirlitsmenn leiðbeiningar við þau atriði sem betur mega fara en skrifa brotaskýrslur vegna veigameiri van skráninga. Einnig leiðbeina eftirlitsmenn Fiskistofu skipstjórnarmönnum markvisst um þá skyldu þeirra að skrá öll þau sjávarspendýr og þá fugla sem koma í veiðarfæri. Send voru 530 áminningarbréf þar sem skipstjórar og útgerðaraðilar voru formlega áminntir vegna vanskila á afladagbókum. Þá voru 120 skip svipt veiðileyfi vegna vanskila á upplýsingum úr afladagbókum.

Í upphafi árs hófst vinna við að hanna snjallsímaforrit fyrir skráningu á áætluðum afla og er því ætlað að leysa pappírsladagbókina af. Forritið hefur verið í prófunum undanfarna mánuði. Verið er að sníða af því vankanta og villur sem hafa komið fram við prófanir. Stefnt er að því að forritið komist í almenna notkun vorið 2020.

Hafnríkiseftirlit

Fiskistofa ber ábyrgð á að framfylgja hafnríkiseftirliti bæði á vettvangi Norðvestur Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar (NAFO) og Norðaustur Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Tilgangur hafnríkiseftirlitsins

er að koma í veg fyrir ólöglegar veiðar á Norður Atlantshafi. Ákvæði reglna um hafnríkiseftirlit á við um komur erlendra skipa í samþykktar hafnir samningsaðila, með afla um borð sem veiddur hefur verið á NEAFC eða NAFO veiðisvæðum og hefur ekki áður verið landað eða umskipað í höfn. Fiskistofa hefur skuldbundið sig til að sinna eftirliti í að lágmarki 15% tilfella með frosnum afurðum þegar um er að ræða löndun/umskipun erlendra skipa á Íslandi sem koma af veiðum á NAFO-veiðisvæðinu en 7,5% landana með frosnum afurðum og 5% landana fersks afla af NEAFC-veiðisvæðinu.

Á árinu 2019 voru 8 hafnkomur með afla af NAFO svæðinu en einungis 5 landanir og er það aukning frá árinu 2018 þegar 3 landanir voru leyfðar. Á árinu var fullt eftirlit viðhafi í einni löndun af þessum 5.

Hafnkomur skipa af NEAFC svæðinu voru 169 en heimilaðar landanir erlendra skipa með afla af NEAFC-veiðisvæðinu voru 141 er það rúmlega 50% samdráttur á milli ára sem skýrist af loðnubresti. Fullt eftirlit var við 12 landanir.

Eftirlitið felur m.a. í sér að fylgst er með löndun frá upphafi til enda, gerður er samanburð á magni og tegundum sem tilkynnt hefur verið um af viðkomandi skipi og lönduðum afla. Eftirlitsmenn fylgja eftir ákvæðum reglna um hafnríkiseftirlit. Brot á ákvæðum reglna um hafnríkiseftirlit eru t.d. ófullnægjandi merkingar á frystum afla, landanir án samþykkis hafnríkisins og misræmi á milli áætlaðs afla og landaðs afla. Fjöldi brota á árinu 2019 sem tilkynntur var til NEAFC skrifstofunnar og fánaríkja þeirra skipa sem áttu í hlut var 4 brot í heildina, 3 vegna ófullnægjandi merkinga á frystum afla og eitt vegna misræmis á áætluðum afla og lönduðum afla.

5.8 Hafnríkiseftirlit

Ár	2018			2019		
	Landanir	Eftirlit*	Hlutfall	Landanir	Eftirlit*	Hlutfall
NEAFC	267	19	7%	141	12	9%
NAFO	3	1	33%	5	1	20%

* Fullt eftirlit (e. full control)

6. Útflutningur

Fiskistofa safnar upplýsingum um magn og verðmæti þess afla sem fluttur er óunninn á erlenda fiskmarkaði. Alls voru 44.727 tonn flutt út á árinu 2019. Það er um 5% samdráttur frá fyrra ári.

Lönd og magn

Í töflu 6.1 má sjá yfirlit yfir útflutning á ónunnum ísuðum afla eftir tegundum og löndum árin 2019 og 2018. Eins og sést þar er talsverður samdráttur í útflutningi á þorski til Bretlands en talsverð aukning í útflutningi til Bretlands á ýsu. Aukning er á útflutningi á djúpkarfa á milli

ára en útflutningur á öðrum tegundum hefur verið að minnka.

Útgáfa vottorða

Fiskistofa hefur um nokkurra ára skeið borið ábyrgð á að gefa út veiði- og vinnsluvottorð sem nauðsynleg eru við útflutning á sjávarafurðum og staðfesta að afurðirnar eigi uppruna sinn í löglegum veiðum. Evrópusambandið skilgreindi kröfur um þetta efni á sínum tíma og vottorðin eru sniðin að tilskipun þaðan en það færist æ meir í aukana að gerð er krafa um þessi vottorð vegna

6.1 Útflutningur á ónunnum fiski eftir sölulöndum 2019 og 2018

Slægður fiskur

Fisktegund	Alls 2019	Bretland	Danmörk	Frakkland	Pólland	Þýskaland	Holland	Aðrir
Þorskur	8.003	3.671	346	271	426	1.359	1.924	5
Ýsa	8.997	8.587	0	96	49	235	30	0
Ufsi	5.476	94	331	900	1.353	2.438	321	38
Lýsa	267	95	0	168	0	3	0	0
Karfi/Gullkarfi	9.966	170	232	3.350	1	5.885	272	57
Langa	341	58	3	213	2	41	24	1
Blálanga	75	2	0	38	0	20	2	14
Keila	63	1	5	1	0	39	17	0
Steinbítur	2.013	249	8	1.067	67	244	372	7
Hlýri	150	4	0	24	0	67	46	8
Skötuselur	85	46	14	13	0	5	4	5
Skata	21	8	0	0	0	0	12	0
Grálúða	825	3	25	619	2	43	129	5
Skarkoli	2.970	984	22	99	1	36	1.824	3
Þykkvalúra/Sólkoli	861	566	20	1	6	20	248	1
Langlúra	131	18	53	2	0	0	58	0
Stórkjasta/Öfugkjasta	92	5	2	4	0	1	28	52
Djúpkarfi	4.065	14	0	1.209	0	2.842	0	0
Aðrar tegundir	324	12	1	0	0	4	305	2
Samtals	44.727	14.586	1.063	8.076	1.908	13.281	5.615	198

Fisktegund	Alls 2018	Bretland	Danmörk	Frakkland	Pólland	Þýskaland	Holland	Aðrir
Þorskur	10.654	4.294	329	122	1.453	1.490	2.381	586
Ýsa	7.029	6.202	11	34	93	209	9	472
Ufsi	4.801	94	92	204	1.363	2.688	93	267
Lýsa	369	201	0	149	0	1	9	8
Karfi/Gullkarfi	11.180	247	144	3.984	15	5.898	255	637
Langa	631	120	0	192	58	37	1	224
Blálanga	48	4	0	16	0	14	1	14
Keila	7	0	0	3	0	3	0	0
Steinbítur	2.187	144	0	812	0	97	113	1.021
Hlýri	75	4	0	17	0	13	35	5
Skötuselur	221	55	8	42	2	10	36	67
Skata	13	8	0	0	0	0	0	5
Grálúða	938	3	167	626	40	37	63	2
Skarkoli	4.193	873	33	349	0	48	1.733	1.156
Þykkvalúra/Sólkoli	1.046	648	8	23	0	16	215	136
Langlúra	158	23	6	0	0	0	84	46
Stórkjasta/Öfugkjasta	114	5	0	0	0	1	27	81
Djúpkarfi	3.230	12	0	570	0	2.612	0	36
Aðrar tegundir	324	15	0	5	0	0	235	69
Samtals	47.217	12.954	797	7.147	3.024	13.172	5.289	4.834

útflutnings til landa utan ESB. Þannig eru þessi vottorð t.d. nauðsynleg á mikilvægum mörkuðum í Austur-Evrópu og víða í Asíu. Frá áramótum 2018 gerðu bandarísk stjórnvöld kröfu um svipuð vottorð vegna innflutnings þangað á nokkrum tegundum, þ.á m. þorski. Fiskistofa vann að því í samvinnu við hagsmunaaðila og stjórnvöld að koma upp rafrænni útgáfu vottorða vegna viðskiptanna við Bandaríkin og var það tilbúið tímanlega fyrir árslok 2017.

Á árinu 2019 voru gefin út 36.885 rafræn veiðivottorð sem er tæplega 5,5% aukning frá fyrra ári. Útgefin vinnsluvottorð 2019 voru 683 og fjölgaði þeim um rúmlega 12,3% á milli ára.

Frá árinu 2007 hefur Fiskistofa séð um útgáfu á leyfum til út- og innflutnings á afurðum sjávardýra sem heyra undir svonefndan CITES-samning. Á árinu gaf Fiskistofa út 20 slík leyfi en á árinu 2018 voru þau 39 talsins.

Aðallega var um útflutning á hvalaafurðum að ræða bæði til vísindaiðkunar og sölu.



7. Lax- og silungsveiði


Hafrannsóknastofnun safnar upplýsingum um veiði á laxi og silungi í umboði Fiskistofu og gefur árlega út skýrslu með samantekt um veiðina. Samkvæmt bráðabirgðatölum yfir stangveiði á laxi sumarið 2019 veiddust um 28.800 laxar, sem er sú minnsta frá árinu 2000 (Mynd 7.1). Mynd 7.2 sýnir netaveiði á laxi á árabílinu 1974 til 2019.

Í tölum um heildarlaxveiði eru þeir laxar sem upprunnir eru úr sleppingum gönguseiða og einnig þeir laxar sem er sleppt aftur í stangveiði (veitt og sleppt). Laxar úr gönguseiða-sleppingum eru viðbót við náttúrulega framleiðslu ána og þegar veitt er og sleppt í stangveiði veiðast sumir fiskar oft en einu sinni. Til að fá samanburð við fyrri ár mat Hafrannsóknastofnun hver laxveiðin hefði orðið ef engu hefði verið sleppt aftur og veiði úr sleppingum gönguseiða var dregin frá heildarveiðinni. Niðurstaðan úr þeirri greiningu leiðir í ljós að stangveiði á laxi 2019 hefði verið um 20.000 laxar, sem er minnsta stangveiði villtra laxa frá því farið var að skrá veiði í rafrænan gagnagrunn.


Í öllum landshlutum, minnkaði laxveiði nema á Norðurlandi Eystra og Austurlandi. Laxveiðin sumarið 2019 einkenndist öðru fremur af miklum og fordæmalausum þurrkum allt sumarið sem gerði aðstæður til veiða afar erfiðar, einkum í dragám á vestanverðu landinu sem eru mjög háðar úrkomu yfir sumarið.

Vorið 2009 hófst samstarf milli Veiðimálastofnunar [nú Hafrannsóknastofnun] og Fiskistofu um hönnun á forriti til notkunar við rafræna skráningu í veiðibækur. Hugsunin er sú að þeir sem ábyrgð bera á veiðiskráningu fái aðgang að sérstökum gagnagrunni til skráningar. Fiskistofa fékk það hlutverk að hanna slíkan gagnagrunn en Veiðimálastofnun skipulagði og fylgdist með notkun hans í lykílám. Eldri veiði upplýsingar hafa verið lesnar inn í gagnagrunnin þannig að nú er þar að finna heildstæðar upplýsingar um veiði í íslenskum ám undanfarna áratugi. Sumarið 2019 var ellefta sumarið sem laxveiði var skráð í þennan rafræna gagnagrunn. Þegar rafræn skráning verður orðin almenn hjá veiðifélögum, eins og stefnt er að, mun það spara mikla vinnu við inn-

7.1 Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi 1974–2019 skipt í aflu, veitt og sleppt og aflu úr sleppingum gönguseiða



7.2 Netaveiði á laxi 1974 til 2017



7.3. Fjöldi slepptra seiða í fiskrækt eftir landshlutum árin 2013 til 2018

Landshluti	Fjöldi veiðifélaga	2013		2014	
		Smáseiði	Gönguseiði	Smáseiði	Gönguseiði
Vesturland	59	19.000	22.700	46.500	20.000
Vestfirðir	26	0	29.000	0	40.000
Norðvesturland	38	7.000	23.000	11.000	44.000
Norðausturland	21	78.000	80.000	50.000	66.000
Austfirðir	22	6.500	110.000	8.000	91.200
Suðurland	60	3.796	1.181.761	19.066	945.606
Samtals:	226	114.296	1.446.461	134.566	1.206.806

slátt gagna sem Hafrannsóknastofnun annast. Sú breyting varð 2018 að upplýsingatæknimenn sem önnuðust gerð hugbúnaðarins eru nú starfsmenn Hafrannsóknastofnunar. Áframhaldandi þróun á viðmóti til að taka við og miðla upplýsingum um lax- og silungsveiði verður þó áfram samstarfsverkefni Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Eins og áður verður veiðibókum úthlutað til veiðifélaga og upplýsingum um veiði safnað í þær veiðiár.

Á árinu voru seld 850 útvortis slöngumerki til að merkja laxfiska ásamt 50.000 örmerkjum vegna seiðasleppinga og rannsókna tengdum þeim. Kaupendur voru bæði ýmsir sem rannsaka fisk í ám og vötnum og stangveiði eða veiðifélög vegna sleppinga á veiddum laxi í ár. Skila skal skýrslu um notkun merkjanna til Fiskistofu. Á haust dögum 2018 og í byrjun árs 2019 bárust 441 örmerkja snoppur til Hafrannsóknastofnunar og Laxfiska ehf til aflestrar vegna laxa sem veiddust árið 2018. Einnig bárust frá veiðimönnum um 50 útvortis merki. Lesin merki eru færð í gagnagrunn sem borinn er saman við merkjagrunn til að fá nánari upplýsingar um sleppihópa sem viðkomandi merki tilheyra. Upplýsingar um merкта laxa eru sendar til Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES). Samtals örmerktu Hafrannsóknastofnun og Laxfiskar ehf 62.931 laxaseiði 2018 sem síðan komu fram í veiðum 2019 sem eins árs lax. Um 7,0% laxaseiðanna voru af náttúrulegum uppruna (ekki eldisseiði). Til viðbótar 2018 voru 98 laxar merktir með útvortis merki.

Á liðnum árum veitti Fiskistofa útdráttar verðlaun fyrir veiðimenn sem skilað hafa inn fisk merkjum. Megintilgangur verðlaunanna var að hvetja veiðimenn til að skila merkjum úr laxfiskum en endurheimtur á merktum fiskum geta gefið mikilvægar upplýsingar um líffræði þeirra og atferli. Fiskistofa mun veita slík verðlaun vorið 2020.

Veiðifélög og veiðivarsla

Samkvæmt VI. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði ber Fiskistofa ábyrgð á því að stofnun veiðifélaga og starfsemi þeirra sé í samræmi við lög. Þannig staðfestir hún og birtir samþykktir og arðskrár veiðifélaga í Stjórnartíðindum. Á árinu voru þrjár samþykktir veiðifélaga til umfjöllunar. Tíu nýtingaráætlanir veiðifélaga

voru til umfjöllunar hjá Fiskistofu. Í þeim koma fram þær reglur sem veiðifélög hafa sett með það að markmiði að viðhalda sjálfbærum lax- og silungsveiðum í ám og vötnum. Í nýtingaráætlunum er tiltekið leyfilegt veiðiálag og gefinn upp fjöldi stanga eða neta sem heimilt er að nota. Miðað er við að stangafjöldi sé bundinn til átta ára en hvers konar friðunaraðgerðir eru ótímabundnar og háðar ákvörðun veiðifélags hverju sinni. Öllum veiðifélögum ber að setja sér nýtingaráætlun. Enn eiga mörg veiðifélög eftir að skila nýtingaráætlunum, einkum fyrir veiði í sjóbirtings- og sjóbleikjuám.

Fiskistofa fjallar um fiskræktaráætlanir veiðifélaga í samræmi við lög nr. 58/2006 um fiskrækt. Alls voru níu fiskræktaráætlanir til umfjöllunar hjá Fiskistofu 2019. Ábendingar og upplýsingar sem borist hafa Fiskistofu benda til þess að tilvik séu um að fiskrækt sé stunduð án þess að fyrir liggi staðfest fiskræktaráætlun. Á árinu 2019 vann Fiskistofa að því að bæta stjórnarsýslu, upplýsingaöflun og eftirlit vegna fiskræktar. Í töflu 7.3 má sjá upplýsingar um fjölda seiða sem sleppt var í íslensk veiðivötn samkvæmt upplýsingum sem Fiskistofa hefur borist frá veiðifélögum.

Fiskistofu ber að úrskurða ef upp kemur ágreiningur innan veiðifélags um ákvarðanir og stjórnarhætti. Tvö mál bárust Fiskistofu vegna ágreinings um lögmati ákvörðunar í veiðifélagi á árinu 2019.

Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður sem hefur það hlutverk að veita lán og styrki til að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu og styðja við rannsóknir í ám og vötnum. Breyting var gerð á lögum um fiskræktarsjóð og hefur verið fallið frá innheimtu gjalds frá veiðifélögum í sjóðinn. Áfram verða þó veittir styrkir úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins fer með fjármál hans og úthlutar árlegum styrkjum vegna ýmissa verkefna. Núverandi formaður sjóðsins er Páll Árni Jónsson. Á vef Fiskistofu eru nánari upplýsingar um sjóðinn og skrá yfir úthlutanir Fiskræktarsjóðs fyrir árið 2019 og fyrri ár.

Skipulagsmál, mannvirkjagerð og efnistaka

Fiskistofa gefur út leyfi vegna framkvæmda við ár og vötn. Mörg erindi berast sem snúa að efnistöku. Þegar um minniháttar malartekju úr áreyrum hefur verið að ræða, og ekki er talið að lífríki skaðist, hefur landeig-

7.3. Fjöldi slepptra seiða í fiskrækt eftir landshlutum árin 2013 til 2018 (frh.)

2015		2016		2017		2018	
Smáseiði	Gönguseiði	Smáseiði	Gönguseiði	Smáseiði	Gönguseiði	Smáseiði	Gönguseiði
26.000	30.200	0	18.648	3.000	0	0	0
0	23.000	0	20.300	0	20.000	0	0
13.500	32.500	11.000	17.500	11.000	37.500	11.000	40.500
116.500	52.000	86.000	15.000	44.000	52.500	95.000	52.000
73.700	89.000	0	92.000	123.450	114.200	105.600	131.500
22.028	1.028.529	23.009	951.513	8.461	1.271.346	20.000	1.229.600
251.728	1.255.229	120.009	1.114.961	189.911	1.495.546	231.600	1.453.600

endum verið veitt heimild til langs tíma, allt að 5 árum. Sama gildir um árlega lagfæringu á farvegum ána og veiðivegum á vorin fyrir veiðitíma. Nokkuð er um að efnistaka fari fram í óleyfi, en það eykur hættu á því að skaði hljóttist af. Þegar ábendingar koma fram um slíkt hefur Fiskistofa rannsakað málin og látið stöðva framkvæmdir eftir atvikum. Árið 2019 voru 74 leyfi veitt vegna margvíslegra framkvæmda við ár og vötn.

Fiskistofa veitir ýmsum umsagnir: Orkustofnun vegna leyfisveitinga, Skipulagsstofnun vegna mats á umhverfisáhrifum og sveitarfélögum vegna skipulagsmála þegar framkvæmdir geta haft áhrif á lífríki í ám og vötnum. Á árinu 2019 voru til umfjöllunar 80 slík erindi.

Eftirlit með veiðum á laxfiskum

Fiskistofa gefur út skipunar- og erindisbréf til veiðivarða sem veiðifélög ráða til sín, en með þeim fá veiðiverðir m.a. heimild til að leggja hald á ólögleg veiðitæki og afla. Alls voru 34 slík bréf gefin út á árinu. Mörg veiðifélög sækja ekki um skipunar- og erindisbréf fyrir veiðiverði sína og því hafa þeir ekki heimildir sem gagnlegt væri að hafa í því starfi. Auk veiðivarða veiðifélaga réði Fiskistofa eftirlitsmann yfir sumarmánuðina, einkum til að kanna netalagnir í sjó í samvinnu við almenna eftirlitsmenn Fiskistofu. Árið 2019 var slíku eftirliti sinnt eins og á liðnum árum og athuganir gerðar á því hvort reglur væru virtar vegna netalagna við strendur landsins og var dróni notaður í nokkur skipti við það eftirlitið. Einnig var eftirliti sinnt úr báti með ströndum Borgarfjarðar. Þá var eftirliti sinnt úr flugvélum, m.a. í samstarfi við Landhelgisgæsluna, en eftirlitsmaður Fiskistofu tók þátt í æfingaflugi um Hornstrandir og Jökulfirði. Í eftirliti Fiskistofu hefur komið fram að netum í sjó með strönd-

um landsins hefur fækkað mjög síðustu ár. Svo virðist sem áhugi á slíkum veiðum hafi farið dvínandi.

Fiskeldi og slysasleppingar

Lax- og silungsveiðisvið Fiskistofu hefur það hlutverk að bregðast við og stjórna veiðum ef slysaslepping verður úr fiskeldi. Með breytingu á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi hefur Fiskistofa einnig skyldur til að rannsaka að eigin frumkvæði ef grunur vaknar um að fiskar hafi sloppið úr eldi. Á árinu fjárfesti Fiskistofa í netabúnaði til að hafa til taks á starfstöðvum sínum fyrir það verkefni, til að geta brugðist við ef grunur vaknar um að eldisfiskar hafi sloppið. Árið 2019 bárust Fiskistofu tvær tilkynningar vegna mögulegra slysasleppinga. Tilkynning barst frá Arnalaxi hf. í janúar vegna hugsanlegrar slysasleppingar þegar gat (15×50 cm) kom á kví fyrirtækisins við Hringisdal á 20m dýpi. Gert var við gatið, viðbragðsáætlun fyrirtækisins virkjuð og net lögð umhverfis umrædda kví. Eftirlitsmaður Fiskistofu fór á vettvang og tók þátt í því þegar vitjað var um netin. Ekki veiddist lax í net og var veiðiaðgerðum hætt. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun reyndist orsök tjónsins vera galli í framleiðslu nótarþoka. Í ágúst barst tilkynning frá Arnarlaxi um mögulega slysasleppingu þegar gat (7×12 cm) fannst á sjókví fyrirtækisins í Tálknafirði. Viðbragðsáætlun var virkjuð og net lögð við kvínnu. Ekki veiddist lax í netin og var veiðiaðgerðum hætt. Fyrir utan þessar tilkynningar var lítið um að grunur væri um að eldisfiskar veiddust í íslenskum veiðivötnum sumarið 2019. Nokkrir laxar veiddust í Mjólka sem höfðu útlitseinkenni eldisfiska og voru sýni af þeim send í erfðagreiningu.

8. Meðferð mála

Fiskistofa annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum. Veidieftirlitsmenn stofnunarinnar sinna eftirlitsstörfum á vettvangi, en hluti af eftirlitinu fer fram með rafrænum hætti. Þegar grunur vaknar um að brot hafi verið framið gegn fiskveiðistjórnunarlöggjöfinni er málinu jafnan skotið til lögfræðisviðs Fiskistofu til framhaldsmeðferðar, verði málinu ekki lokið með einfaldari hætti.

Brotamál

Á árinu 2019 vaknaði grunur um brot gegn lögum og reglum á sviði fiskveiðistjórnunar í rúmlega 1.900 tilvikum. Þar af voru 530 mál vegna vanskila á afladagbókum. Tæplega 1.200 mál voru til afgreiðslu vegna veiða umfram eða án aflaheimildar, en þau teljast, strangt til tekið, ekki öll til beinna brotamála. Í töflu 8.1 má sjá sundurgreiningu á tegundum brotamála.

8.1 Yfirlit yfir brotamál

Flokkun brotamála	
Veiðar án veiðileyfis	8
Brotkast	26
Brot á reglum um vigtun afla	18
– Þar af brot af hálfu vigtunarleyfishafa	10
Framhjálföndun	0
Afladagbókarbrot	23
– Þar að auki mál vegna vanskila á afladagbókum	530
Veiðar án aflaheimilda	30
– Þar að auki mál vegna umframafla	1.179
Brot á lögum um lax- og silungsveiði	5
Undirmál rangt flokkað	17
Röng tilgreining tegunda	0
Brot við grásleppuveiðar (hafa ber í huga að þessi mál geta á sama tíma fallið undir aðra flokka í upptalningu þessari, t.d. veiðar án leyfis, afladagbókarbrot ofl.)	21
Brot við strandveiðar (hafa ber í huga að þessi mál geta á sama tíma fallið undir aðra flokka í upptalningu þessarar, t.d. veiðar án leyfis, afladagbókarbrot ofl.)	15
Önnur brotatilvik (t.d. brot gegn reglum um merkingar veiðarfæra, aflaskráningu, vinnslu, tilkynningar, tegundagreiningar síldar og nýtingaprufur).	25

Við skoðun á yfirliti yfir brotamál og meðferð mála skal hafa í huga að sum mál eru þess eðlis að í einu og sama málinu getur komið inn á fleiri en einn brotaflokk og í sumum tilfellum eru mál sameinuð. Slíkt getur skekkt tölfræðina.

Meðferð mála

Á árinu 2019 var 155 málum vísað til lögfræðisviðs til frekari meðferðar, þar sem grunur lék á að brot hefði verið framið gegn fiskveiðistjórnarlöggjöfinni. Málsmeðferð lauk í 143 þeirra á árinu, auk 51 annarra mála sem ólokið var frá fyrra ári. Við árslok 2019 voru 12 mál enn til meðferðar hjá lögfræðisviði frá árinu 2019 ásamt 2 frá árinu 2018. Meðferð brotamála getur lokið með ýmsum hætti. Málsmeðferð kann að vera hætt þannig að ekkert verði aðhafst þegar ekki er talið tilefni til beitinga viðurlaga og er þá mál fellt niður. Í einhverjum tilfellum lýkur veidieftirlitssvið málum með leiðbeiningu til útgerðar. Eftir að málum hefur verið vísað til lögfræðisviðs getur þeim lokið með beitingu stjórnsluviðurlaga, sem eftir atvikum geta falið í sér áminningu, veiðileyfissviptingu eða afturköllun vigtarleyfis. Lítil hluti brotamála er kærður til lögreglu.

Í töflu 8.2 er að finna yfirlit yfir tegundir brotamála sem til meðferðar voru ásamt upplýsingum um málalok.

8.2 Meðferð mála

Brotamál	
Mál kærð til lögreglu	5
Áminningar	74
– Vegna brota gegn reglum um veiðar	38
– Vegna brota á reglum um vigtun og skráningu	14
– Vegna brota á reglum um afladagbók	22
– Annað	0
Veiðileyfissviptingar á grundvelli brotamáls	24
– Vegna brota gegn reglum um veiðar	17
– Vegna brota á reglum um vigtun og skráningu	6
– Vegna brota á reglum um afladagbók	0
– Annað	1
Afturköllun vigtunarleyfis	4
Ekki tilefni til beitingar viðurlaga	41
Mál sent öðru stjórnvaldi	3
Málsmeðferð enn í gangi	12
Leiðrétting í GAFL (hafa ber í huga að mál geta endað með leiðréttingu í GAFL ásamt viðurlögum.)	10
Leiðbeiningarbréf frá Veidieftirlitssviði	15
Innheimtumál	
Ítrekunarbréf vegna ógreiddra veiðigjalda á árinu 2019	296
– Veiðileyfissviptingar	29
Álagning gjalds vegna ólögmeð sjávarafli	1.163
– Veiðileyfissviptingar	30

9. Álagning og innheimta

Fiskistofa annast álagningu og innheimtu veiðigjalda, skv. lögum um veiðigjöld nr. 145/2018 og gjalds vegna ólögmæts sjávaraflla, skv. lögum nr. 37/1992.

Veiðigjald

Veiðigjald er lagt á landaðan afla og er það innheimt mánaðarlega fyrir næstliðinn mánuð. Veiðigjald er tiltekin krónutala á hvert kg landaðs afla, mismunandi eftir fisktegundum. Í töflu 9.1. má sjá álögð veiðigjöld fyrir veiddan afla á árunum 2018 og 2019.

9.1 Álagning veiðigjalda (fjárhæðir í milljörðum kr.)

Veiðigjöld	2018	2019
Veiðigjald	11,6	7,1
Afsláttur (gjaldfrjáls veiði)	0,3	0,4
Álagt veiðigjald alls	11,3	6,7

Ólögmætur sjávarafli

Fiskistofa leggur á gjald vegna ólögmæts sjávaraflla á grundvelli laga nr. 37/1992 og annast innheimtu gjaldsins f.h. Verkefnasjóðs sjávarútvegsins (tafla 9.2). Við almenna álagningu gjaldsins er gert upp jafnóðum og ákvarðanir eru teknar í málum. Fiskistofa hefur einnig með höndum álagningu gjalds vegna ólögmæts afla strandveiðibáta. Þegar um strandveiðar ræðir er lagt á gjald sem nemur verðmæti þess afla sem er umfram 650 þorskígildiskíló í veiðiferð. Gjaldinu er skipt hlutfallslega eftir tegundum. Álagning fer fram mánaðarlega. Tilkynningar um álagningu vegna strandveiða á árinu 2019 voru alls 1.163 og fjölgaði um 74 frá 2018. Nam upphæð gjaldsins sem lagt var á 41,8 milljónum kr. sem er hækkun upp á 15,6 milljónir eða tæp 60%. Í töflu 9.3 má sjá fjölda báta sem fengu álagningu eftir mánuðum og upphæð þess gjalds sem lagt var á þá.

9.2 Álagning og innheimta sérstaks gjalds vegna ólögmæts sjávaraflla

Ólögmætur sjávarafli	2016	2017	2018	2019
Fjöldi mála á árinu	65	36	61	19
Heildarálagning kr.	972.558	21.039.769	38.785.137	1.175.095
Heildarinnheimta kr.	966.331	20.532.981	32.795.489	1.175.095

9.3 Álagning í strandveiðum 2018

Máí	259	7.880.160	30.425
Júní	292	9.401.957	32.198
Júlí	365	15.499.315	42.464
Ágúst	247	9.039.666	36.598
Samtals	1.163	41.821.098	35.960



10. Mannauður

Hinn 31. desember 2019 voru starfsmenn Fiskistofu 63 talsins í 62,8 stöðugildum á 6 starfsstöðvum um landið en eins og síðustu áramót voru 2 stöðugildi ómönnuð en illa hefur gengið að ráða í störf eftirlitsmann á Höfn í Hornafirði. Starfsmannavelta Fiskistofu árið 2019 var 12% en starfsmannavelta er skilgreind sem hlutfall þeirra starfsmanna sem hætta störfum á viðkomandi ári af heildarfjölda starfsmanna í árslok.

Eftirtaldir fastráðnir starfsmenn létu af störfum á árinu: Ólafur Vilhjálmsson, Rúnar Birgisson, Sigurbjörg Guðmundsdóttir, Steinlaug Anna Þorsteinsdóttir, Valdís Ásgeirsdóttir og Ölver Árnason.

Starfsþróun og þekkingarmiðlun

Þekking, reynsla og menntun starfsmanna er ein af helstu auðlindum Fiskistofu. Hlutfall starfsmanna sem hafa fyrstu háskólamenntun eða frekari menntun er 54,5%. Aðrir starfsmenn hafa einnig viðtæka þekkingu og menntun til dæmis skipstjórnarmenntun, fiskiðnaðarmenntun, stúdentspróf eða iðnmenntun.

Fiskistofa leggur mikla áherslu á starfsþróun og er það jákvætt hvað starfsmenn eru virkir við að sækja sér símenntun á ýmsum námskeiðum og ráðstefnum. Fiskistofa hefur einnig stuðlað að því að starfsmenn deili þekkingu sinni og reynslu með öðrum starfsmönnum. Í því ljósi er unnið markvisst eftir starfsþróunarstefnu þar sem fram kemur skýr vilji stofnunarinnar til virkrar þekkingarmiðlunar og símenntunar. Samþykkt voru 45 námskeið og kostaðar ráðstefnur á sérsviði viðkomandi starfsmanns, t.d. á vegum Stjórnvísí, Endurmenntunar HÍ, Staðlaráðs og annarra aðila. Starfsmenn sóttu einnig ráðstefnur bæði hérlendis og erlendis. Ennfremur var ýmis önnur óformleg fræðsla á sviðs- og stjórnendafundum svo fátt eitt sé nefnt.

Sem dæmi um fræðslu sem var í boði á árinu 2019 má nefna að innanhúss var m.a. boðið upp á grunn- og framhaldsnámskeið í excel, námskeiði um gagnasófn SQL og gæðakerfi CCQ. Fyrirlestraröðin í sjávarútvegsfræði hélt áfram á árinu þar sem m.a. var farið yfir umhverfi og nytjastofna, stjórnkerfi fiskveiða sem og skip og útgerðir. Haldin var sérstök vinnustofa fyrir stjórnendur um fjölmiðla þar sem farið var yfir framkomu í fjölmiðlum, samfélagsmiðla, krísur og eðli þeirra og þróun. Jóhann Ingi sálfræðingur kom og var með fyrirlestur um skyndihjálp í samskiptum. Þar sem tekin voru fyrir þau lykilatriði sem gera fólki kleift að ná hámarksárangri í samskiptum. Boðið var uppá fræðslu sem bar heitið „Mögnum möguleikana“. Sigríður Ólafsdóttir frá Mögnum fór yfir ýmsa þætti er snúa að því að taka

ábyrgð á eigin lífi, hugarfari, viðhorfi, styrkleikum, gildi, markmiði og lífshjólinu. Stærsti hluti þeirra fyrirlestra sem í boði voru árið 2019 voru teknir upp og því ávallt aðgengilegir þeim starfsmönnum sem ekki höfðu tök á að sitja fræðsluna og hefur það reynst vel.

Fræðslustundir héldu áfram göngu sinni en almennt er um jafningjafraeðslu að ræða, þ.e. að starfsmenn fræða samstarfsmenn sína um margvísleg málefni, bæði vinnu og ekki vinnutengd, og voru 5 þannig stundir haldnar á árinu.


Líkt og síðustu ár sóttu margir af starfsmönnum Fiskistofu Sjávarútvegsráðstefnuna sem haldin var í nóvember. Tveir starfsmenn Fiskistofu voru í undirbúningsnefnd og tóku þátt í málstofu þar sem fjallað var um raf-rænt eftirlit og myndavélaeftirlit. Annar starfsmaðurinn var með erindi og hinn var fundarstjóri.

Starfsmenn Fiskistofu hittust tvisvar sinnum á árinu á starfsdegi. Fyrri starfsdagurinn var haldinn á Akureyri 13. mars. Dagurinn hófst með erindi frá Pálmari Ragnarsyni um jákvæð samskipti. Að því loknu var farið yfir stefnu Fiskistofu og 4DX, stefnumótun í upplýsingatækni og í kjölfarið stuttar kynningar frá sviðunum á þeim WIG verkefnum sem voru í gangi. Þá var einnig kynning á jafnlaunakerfi Fiskistofu. Seinni hlutinn hófst með erindi frá Jafnréttisstofu sem bar heitið „Af hverju eru jafnréttismál karlamál“ Í framhaldinu var hópavinna því tengdu. Að þeirri vinnu lokinni fengu starfsmenn fræðslu frá upplýsingatækni sviði um öryggisógnanir. Deginum lauk svo með frásögn tveggja starfsmanna um þróunarsamvinnu og ferðum til Bangladesh og Vietnam.

Seinni starfsdagur ársins var haldinn í Reykjavík 6. nóvember. Anna Steinsen frá Kvan hóf daginn með hugleiðingu um ábyrgð og samskipti. Veidieftirlitið var með tvö erindi. Annars vegar var kynning á Plokkfisk, sem er verkefni styrkt af Norræna Ráðherraráðinu sem hefur það markmið að styrkja norræna og alþjóðlega samvinnu milli viðeigandi stofnana til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn fiskveiðiafbrotum. Einng var frásögn af vinnuskiptaferð veidieftirlitsmanns Fiskistofu til Noregs. Upplýsingatækni svið var einnig með erindi þar sem þau fóru yfir helstu verkefni sem voru í gangi. Seinni-partinn komu Ragnheiður og Elín frá Forvörnum með fyrirbyggjandi fyrirlestur um streitu og samspil hennar og samskipta.

Veidieftirlitssvið hefur haldið sér starfsdaga með teymisþróunarvinnustofu til viðbótar við reglulega starfsdaga Fiskistofu, þar sem ýmis fræðsla fer fram. M.a. fræðslu frá sjúkrahjálpara um axlarstyrkingu, fræðslu um veiðar-

10.1 Kynjahlutfall starfsmanna Fiskistofu



■ Karlar ■ Konur

færi þar sem heimsótt voru tvö fyrirtæki sem framleiða veiðarfæri. Auk þess luku starfsmenn veiðieftirlitsvið seinnihluta náms í sjávarútvegstengdri ensku sem hófst á haustönn 2018.

Tölulegar upplýsingar varðandi mannaúð og þróun

Tveir þriðju hluti starfsmanna Fiskistofu eru karlar eða um 66,7% starfsmanna (sjá mynd 1). Kynjahallinn skýrist af fullu með störfum eftirlitsmanna en í hópi 22 eftirlitsmanna eru einungis tvær konur. Í yfirstjórn Fiskistofu eru 4 karlar og 2 konur. Meðalaldur starfsmanna Fiskistofu er 50,8 ár og hefur hækkað lítillega á milli ára. Meðalaldur kvenna er um 5 árum lægri en karla.

Snemma árs hlaut Fiskistofa jafnlaunavottun án athugasemda og gildir vottunin frá 2019–2022.


Hlutfall veikindafjarvista starfsmanna að vinnudögum er 3,14% en sé leiðrétt fyrir langtímaveikindum þá er hlutfallið 2,94%.

Starfsmönnum og stöðugildum hefur fækkað mikið síðasta áratug eða hefur starfsmönnum fækkað úr 80 í 63 (mynd 2). Gert er ráð fyrir að starfsmannafjöldi muni aukast um 2 stöðugildi skv. gildandi rekstraráætlun en viss óvissa er þó vegna fjárframlaga til lengri tíma. Ríkisendurskoðun gerði úttekt á hluta af starfssemi Fiskistofu-árið 2019 þar sem dregin var fram þessi mikla fækkun en stjórnvöld hafa ekki enn tekið ákvörðun um hvort fjölga eigi starfsmönnum en slíkt krefst aukinna framlaga til Fiskistofu.

54% starfsmanna eru 54 ára eða yngri og eru 11,1% starfsmanna Fiskistofu 65 ára eða eldri.

Meðalstarfsaldur starfsmanna Fiskistofu er 7,7 ár og er svipaður á milli ára. 55,4% starfsmanna hafa starfað fjögur ár eða skemur hjá stofnuninni, tæp 24,6% starfsmanna í 10 til 19 ár og 10,7% starfsmanna lengur en 20 ár.

10.2 Þróun starfsmannafjölda og stöðugilda frá árinu 2008



11. Upplýsingatækni

Gríðarlegar tækniframfarir undanfarinna ára hafa kallað á breytt vinnulag. Snjalltæki eru notuð í meira mæli og skýjaþjónustur eru títt nefndar. Notandinn gerir kröfur á að geta unnið hvar og hvenær sem er með gögnin sín. Gögn eru aðgengileg frá miðlægum gagnasvæðum og meiri áhersla er á flutning gagna á stafrænu formi. Nú er það innan seilingar að flestir geti stundað vinnu sína og fundað frá þeim stað sem þeir eru staddir á hverju sinni. Mikil áhersla hefur verið lögð á það að opinberar stofnanir fylgi eftir þessari öru þróun. Upplýsingatækni og breytingastjórnun eru samofin heild. Það er mikilvægt að bregðast hratt við breytingum en jafnframt að viðhalda þeim góða grunni sem byggt er á. Það getur þó stundum verið snúið. Þær skipulagsheildir sem sýna mikla aðlögunarhæfni standa frammar öðrum þegar kemur að upplýsingatækni. Fyrir upplýsingatækni við nútímans getur reynst erfitt að draga vagninn á sama tíma og krafa er gerð um að uppfylla þröngan lagaramma um réttindi og skyldur stofnana.

Á árinu 2019 var lögð mikil áhersla á að innleiða nýja tækni á upplýsingatækni við Fiskistofu. Þessi áhersla byggir á stefnumótunarvinnu frá árinu 2018 sem unnin var með Capacent. Nýir vefir og vefþjónustur voru sett upp og hönnuð í skýjaþjónustum. Afurðin af þeirri vinnu mun fara í prófanir og líta dagsins ljós á árinu 2020. Mikil samvinna hefur verið við stafrænt Ísland. Sú sam-

vinna hjálpar stofnunum á þann hátt að stjórnun og stjórnsýsla verði í meira mæli miðlæg. Fyrst má nefna samvinnu Fiskistofu um leyfisveitingagátt sem unnin er í samstarfi við stafrænt Ísland. Þannig verði unnið að aukinni sjálfvirkni og sjálfsafgreiðslu í gegn um nýtt vefþjónustulag. Einnig hefur verið unnið að því að koma utanumhaldi undir ríkishattinn í svokölluðu Pólstjórnuverkefni. Mikil bylting hefur verið undanfarin ár í möguleikum til birtingu gagna og hefur áhersla verið lögð á að koma böndum yfir og flokka þau gögn sem stofnunin safnar með það fyrir sjónum meðal annars til að miðla til viðskiptavina og almennings. Stór hluti af vinnu UT hefur farið í verkefni tengd aðgreiningu neta og kerfa Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunnar og stefnt er á að þeirri miklu vinnu muni ljúka að mestu á árinu 2020. Hefur þessi vinna verið mun umfangsmeiri en gert var ráð fyrir. Þróun aflaskráningarapps í samvinnu við fyrirtækið Stokk hefur staðið yfir í nokkurn tíma og á árinu náðist sá áfangi að til varð útgáfa sem fer í notkun á árinu 2020. Þannig er verið að fara úr afladagbókum á pappír yfir í stafræna umsýslu. Aukin snjallvæðing mun spara stofnuninni og notendum tíma og útgjöld vegna pappírs- og sendingarkostnaðar. Á árinu 2020 verður áframhaldandi vinna við að auka snjallvæðingu og skýjaþjónustu ásamt því að viðhalda þeim góða grunni sem byggt er á.



12. Rekstraryfirlit Fiskistofu 2019

Samkvæmt rekstraryfirlit Fiskistofu námu gjöldin á árinu 2019 994,6 milljónum króna.


Hæsti útgjaldaliður stofnunarinnar eru laun og launatengd gjöld eða um 72% af heildarútgöldum. Húsnæðiskostnaður nam 67,7 millj., en Fiskistofa borgaði 100,7 millj. í húsaleigu, en fékk á móti húsaleigutekjur upp á 33 millj. vegna framleigu á hluta húsnæðisins í Dalshrauni 1 í Hafnarfirði til Matvælastofnunar. Aðkeypt þjónusta er um 7% af heildarútgöldum eða 69,8 millj., ferða og fundakostnaður 63,9 millj. sem er um 6,4% af heildarkostnaði. Sjá nánar á meðfylgjandi mynd yfir skiptingu gjalda Fiskistofu.

Helstu eignakaup Fiskistofu á árinu 2019 voru kaup á tveimur bifreiðum, en á móti voru seldar tvær bifreiðar önnur frá árinu 2012 og hin frá árinu 2013. Eins og á hverju ári var nokkuð um eignakaup hjá upplýsingatæknisviði, en kostnaðarsömustu kaupin voru vegna


eldveggs og endurnýjunar á fjölnota vél (ljósritunarvél, prentari og skanni).

Framlag ríkisins til Fiskistofu á árinu 2019 var ríflega 889,4 milljónir sem skiptist í framlag til rekstrar kr. 871,1 millj. og framlag til afskrifta kr. 18,3 millj. Tekjur stofnunarinnar námu 134,5 milljónum. Tekjurnar skiptast í sértekjur og aðrar rekstrartekjur, sértekjur Fiskistofu á árinu 2019 námu 57,2 milljónum, en aðrar rekstrartekjur voru tæplega 77,3 milljónir.

Hagnaður ársins var 29,3 millj. Gert hafði verið ráð fyrir rekstrarhalla, en því miður reyndist ekki unnt að fara í öll þau verkefni á upplýsingatæknisviði sem vilji og metnaður stóð til. Einnig var launakostnaður talsvert lægri á veiðieftirlitssviði m.a. þar sem illa gekk að manna lausa stöðu á Hornafirði. Eigið fé í árslok var 99,4 millj.



■ Sértekjur ■ Aðrar rekstrartekjur ■ Framlag ríkissjóðs



■ Laun og launatengd gjöld ■ Aðkeypt þjónusta ■ Afskriftir
 ■ Rekstur bifreiða ■ Húsnæði ■ Akstur ferða- og dvalarkostnaður
 ■ Rekstrarvörur ■ Vextir, bætur, tilfærslur

Rekstrarstaða 2018		
Gjöld	2019	2018
Laun og launatengd gjöld	717.952.669	687.162.041
Húsnæði	100.715.888	100.448.648
Aðkeypt þjónusta	69.764.210	93.284.336
Ferðir og fundir	63.927.118	63.323.593
Rekstrarvörur	17.442.675	15.581.647
Rekstur bifreiða	6.100.126	7.941.408
Vextir, bætur og tilfærslur	366.682	458.665
Afskriftir	18.317.037	18.621.984
Gjöld samtals:	994.586.405	986.822.322
Tekjur		
Sértekjur	57.177.028	34.902.322
Aðrar reksrartekjur	77.281.412	80.554.255
Tekjur samtals:	134.458.440	115.456.577
Framlag skv. fjárlögum ársins		
Framlag til rekstrar	871.100.000	844.300.000
Framlag til afskrifta	18.317.037	18.621.984
Framlög skv. fjárlögum samtals:	889.417.037	862.921.984
Hagnaður/tap ársins	29.289.072	-8.443.761
Flutt frá fyrra ári	70.148.226	78.591.987
Eigið fé í árslok:	99.437.298	70.148.226

Sundurliðun tekna 2019

Sértekjur	2019
Húsaleiga	33.050.295
Kostn. Hlud. Í sameiginl. Húsnæði	8.311.588
Kostn. Hlud. Í sameiginl. Þjónustu	8.488.869
Sérfræðiþjónusta	4.249.992
Tæki, búnaður og áhöld	601.500
Innbyrðis framlög milli A-hluta stofnana	571.738
Aðrar tekjur	1.903.046
Sértekjur samtals:	57.177.028
Aðrar rekstrartekjur	
Vottorð og leyfi Fiskistofu	7.502.312
Aðgangur að gagnaveitu Fiskistofu	551.200
Vigtunarleyfi Fiskistofu	7.160.200
Leyfi til framkvæmda við ár og vötn	1.187.700
Eftirlit í lögsögu	36.801.600
Úttekt á búnaði til vinnslu afla um borð í skipi	229.600
Úthlutun aflaheimilda og byggðakvóta	7.450.500
Flutningur á aflamarki og aflahlutdeild	10.287.300
Tilkynning um stöðu aflaheimilda	5.789.100
Afladagbók	321.900
Aðrar rekstrartekjur samtals:	77.281.412
Tekjur samtals árið 2019:	<u>134.458.440</u>

13. Starfsmenn Fiskistofu 31. desember 2019

Eyþór Björnsson, fiskistofustjóri

Skrifstofa Fiskistofustjóra

Björn Jónsson
Elín Björg Ragnarsdóttir
Hildur Jana Júlíusdóttir
Hreiðar Eiríksson
Margrét Kristín Helgadóttir
Halla María Sveinbjörnsdóttir

Mannauðs- og fjármálasvið

Björk Guðmundsdóttir, deildarstjóri
Halla Björk Garðarsdóttir
Hildur Ösp Gylfadóttir, sviðsstjóri

Lax- og silungsveiðisvið

Guðni Magnús Eiríksson, sviðsstjóri
Sumarliði Óskarsson

Upplýsingatæknisvið

Leifur Magnússon, sviðsstjóri
Anna Sigríður Vilhelmsdóttir
Baldvin Baldvinsson
Brjánn Vigfússon
Brynjólfur Þórisson
Dórothea Jónsdóttir
Ragnheiður Ásta Karlsdóttir
Svavar Ottesen Berg
Þórarinn Hólm Andrésson

Veðieftirlitssvið

Árni Dan Ármannsson
Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir, sviðsstjóri
Jóhann Ásmundsson
Njáll Ragnarsson
Sævar Guðmundsson, deildarstjóri – landeftirlit
Viðar Ólason, deildarstjóri – sjóeftirlit

Veðieftirlitsmenn

Arnar Tryggvason
Árni Jón Erlendsson
Birgir Mar Guðfinnsson
Birgir Smári Karlsson
Björgvin Guðmundsson
Eyþór Þórðarson
Hallvarður Guðni Svavarsson
Heimir Sigurður Karlsson
Ingólfur Ingólfsson
Kristinn Ólafur Kristinsson
Óli Þór Jóhannsson
Rafn Erlingsson
Sigurður J. Pálmason
Sigurjón Magnús Skúlason
Sigurpáll Sigurbjörnsson
Soffía Árnadóttir
Sólmundur Gísli Bergsveinsson
Þorbergur Kjartansson
Þórarinn Traustason
Þórir Sigfússon

Veðieftirlit – vinnsluskip

Ingibergur Sigurðsson
Lína Hildur Jóhannsdóttir
Sigurður Ásgeirsson

Þjónustu- og upplýsingasvið

Alma Sigurðardóttir
Anna Guðrún Árnadóttir
Anna Þormar
Baldvina Karen Gísladóttir
Daði Tryggvason
Guðbjörg Erla Ingólfssdóttir
Gunnar Hallgrímur Sigurðsson
Jódís Lára Gunnarsdóttir
Óttar Gautur E. Erlingsson, deildarstjóri
Þorsteinn Hilmarsson, sviðsstjóri
Þórunn Margrét Jónasdóttir
(Tveir starfsmenn voru með tímabundnaráðningu í árslok)